



Íþróttabandalag Akraness



Ársskýrsla 2008

65. ársþing - 2. apríl 2009



Guðlaug Sverrisdóttir,
ritari



Ellert Ingvarsson,
varaformaður



Sturlaugur Sturlaugsson,
formaður



Halldór Fr. Jónsson,
gjaldkeri



Margrét Ákadóttir,
meðstjórnandi



Brandur Sigurjónsson,
varamaður



Jón Þór Þórðarson,
starfsmaður



Hildur Karen
Aðalsteinsdóttir,
varamaður



Guðmundur Sigurðsson,
Keilufélag
Akraness



Laufey Sigurðardóttir,
Badmintonfélag
Akraness



Jóhannes Helgason,
Körfuknattleiksfélag
Akraness



Ágústa Andréasdóttir,
Karatefélag
Akraness



Heimir F. Gunnlaugsson,
Golfklúbburinn
Leynir



Anna Bjarnadóttir,
Ungmennafélagið
Skipaskagi



Ólöf Samúelsdóttir,
Hestamannafélagið
Dreyri



Gunnar H. Kristinsson,
Sundfélag
Akraness



Sigrún Ríkharðsdóttir,
Knattspyrnufélag ÍA



Steindóra Steinsdóttir,
Blakfélagið Bresi



Margrét Ólafsdóttir,
Fimleikafélag
Akraness



Ólöf Guðmundsdóttir,
Þjótur
Akraness



Jón S. Ólason,
Skotfélag
Akraness



Márus Línal Hjartarson
Vélhjólaiþróttafélag
Akraness



Bjarki Jóhannesson
Hnefaleikafélag
Akraness

Skýrsla framkvæmdastjórnar ÍA starfsárið 2008

Framkvæmdastjórn ÍA árið 2008 skipuðu:

Sturlaugur Sturlaugsson formaður
Ellert Ingvarsson varaformaður
Halldór Fr. Jónsson gjaldkeri
Guðlaug Sverrisdóttir ritari
Margrét Ákadóttir meðstjórnanði
Varamenn í stjórni
Brandur Sigurjónsson
Hildur Karen Aðalsteinsdóttir

Formenn aðildarfélag ÍA árið 2008 voru:

Laufey Sigurðardóttir formaður Badmintonfélags ÍA
Steindóra Sigríður Steinsdóttir form. Blakfélagsins Bresa
Margrét Ólafsdóttir formaður Fimleikafélags Akraness
Heimir Fannar Gunnlaugsson form. Golfklúbbsins Leynis
Ólöf Samúelsdóttir form. Hestamannafélagsins Dreyra
Bjarki Jóhannesson form. Hnefaleikafélags Akraness
Ólöf Guðmundsdóttir formaður Íþróttafélagsins Þjóts
Ágústa Andrésdóttir formaður Karatefélags Akraness
Guðmundur Sigurðsson formaður Keilufélags Akraness
Sigrún Rikharðsdóttir formaður Knattspyrnufélags ÍA
Jóhannes Helgason form. Körfuknattleiksfélags Akraness
Anna Bjarnadóttir formaður Umf. Skipaskaga
Jón S. Ólason formaður Skotfélags Akraness
Gunnar H. Kristinsson formaður Sundfélags Akraness
Márus Línal Hjärtarson form. Vélhjólaiþróttafélags Akraness

Íþróttamaður ársins 2008 á Akranesi

Valdís Þóra Jónsdóttir var kjörin íþróttamaður Akraness árið 2008. Valdís Þóra varð í 4. sæti á heildarstigalista GSÍ á Kaupþingmótaröðinni sumarið 2008 og náði þar að sigra eitt mót í lok sumars. Hún komst í undanúrslit á Íslandsmótinu í holukeppni. Valdís Þóra sigraði í apríl á opna meistaramótinu á Kýpur og var þar með fyrst íslenskra kvenna til að vinna alþjóðlegt golfmót erlendis. Annar í kjörinu varð Hrafn Traustason, Sundfélagi Akraness, en hann átti mjög góðu gengi að fagna á árinu. Jakob S. Sigurðsson frá Hestamannafélaginu Dreyra varð þriðji. Á árinu 2008 eignuðumst við alls 29 Íslandsmeistara í 6 íþróttagreinum.

Eftirtaldir íþróttamenn voru tilnefndir af sínum félögum til kjörsins:

Badmintonmaður ársins: Una Harðardóttir
Fimleikamaður ársins: Elísa Svala Elvarsdóttir
Hestaíþróttamaður ársins: Jakob S. Sigurðsson
Hnefaleikamaður ársins: Arnór Már Grímsson
Íþróttamaður Þjóts: Andri Jónsson
Kylfingur ársins: Valdís Þóra Jónsdóttir
Karatemáður ársins: Aðalheiður Rósa Harðardóttir
Keilumaður ársins: Björn Birgisson
Knattspyrnumaður ársins: Árni Thor Guðmundsson

Körfuknattleiksmaður ársins: Snorri Elmarsson

Skotmaður ársins: Birkir Óskarsson

Sundmaður ársins: Hrafn Traustason

Kynslóðaleikur í knattspyrnu

Þann 12. maí var efnt til stórhátíðar á Akranesi þar sem knattspyrnan var í öndvegi. Kallaðar voru saman allar helstu kempur Skagans á knattspyrnuvellinum; atvinnumenn, landsliðsmenn, Íslandsmeistarar og leikjahæstu leikmenn ÍA, allt frá Gullaldarliði til dagsins í dag. Fengnir voru til leiks ríflega eitt hundrað knattspyrnumenn og –konur sem gert höfðu garðinn frægan á knattspyrnuvellinum og yljað fólki um hjartarætur með hæfileikum sínum og snilli í gegnum árin. Þessu ágæta fólki var skipt í lið og flautaður var á sannkallaður kynslóðaleikur í knattspyrnu undir yfirskriftinni “Skagamenn skora mörkin” Heiðursgestur á leiknum var forseti Íslands, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson. Fyrir leik og í hálfleik hljómuðu Skagalögin í flutningi hljómsveitar Bógómil Font, bein lýsing á leiknum var í höndum Gísla Einarssonar fjölmiðlamanns og Bjarna Felixsonar íþróttafréttamanns. Þeim til aðstoðar voru hinir einu og sönnu Simmi og Jóí. Í hálfleik voru knattþrautir og skemmtiatriði. Aðgangur var ókeypis og áætlað er að um 2000 manns hafi sótt viðburðinn. Í kjölfar leiksins gerði íþróttadeild RUV hálf tíma heimildarþátt um þessa miklu framleiðslu fótboldamanna á Akranesi. Þátturinn bar heitið “Einn af hverjum nítján” og nafnið vísar til þess að samkvæmt lauslegum útreikningum verður einn af hverjum nítján drengjum sem fæðast inn í samfélagið á Akranesi afrekmaður í fótbolta. Í þættinum var leitað skýringa á því hvers vegna hlutfall afreksmanna í knattspyrnu á Akranesi er hátt sem raun ber vitni. Því var velt upp hvort ástæðurnar séu erfðafræðilegar, félagslegar eða jafnvel veðurfræðilegar svo fátt eitt sé nefnt. Rætt var m.a. við fæðingalækni, félagsfræðing, uppeldisfræðing, veðurfræðing, fótboldamömmu, knattspyrnuspekúlanta ofl. Helstu knattspyrnuhetjur Skagamanna fyrr og nú komu við sögu. Dagskrárgerð önnuðust Gíslu Einarsson og Óskar Nikulásen. Tilgangurinn með að halda þennan



viðburð var margþættur en e.t.v. er mikilvægast að styrkja í sessi þá ríku knattspyrnuhefð sem er á Akranesi og undirstrika hversu samofin hún er menningu og mannlífi á Skaganum. Einnig þótti okkur mikilvægt að skrá alla þessa sögu með varanlegum og myndarlegum hætti. Þarna gafst kærkomið tækifæri til að rifja upp helstu afrek Skagamanna á knattspyrnuvellinum, sæta sigra og skemmtileg atvik.

Íslandsleikar Special Olympics í knattspyrnu

Íslandsleikar Special Olympics í knattspyrnu fóru fram í Akraneshöllinni laugardaginn 24. maí. Sturlaugur Sturlaugsson, formaður Íþróttabandalags Akraness bauð keppendur velkomna og setti mótið. Ingibjörg Harpa Ólafsdóttir, íþróttakennari stjórnaði upphitun. Keppt var í tveimur styrkleikaflokkum og konur og karlar kepptu saman í liði. Allir aldursflokkar kepptu saman og allir höfðu gaman af þó keppnisskapið sé í öndvegi hjá flestum, mismikið þó. Þátttakendur voru frá Íþróttafélögunum Ösp Reykjavík, Nesi Reykjanesbæ, Þjóti Akranesi og Suðra Selfossi. Mikil áhersla er lögð á að allir þeir sem áhuga hafi geti verið með, hvort sem um er að ræða byrjendur eða lengra komna og því eru lið mjög fjölbreytileg á þessum mótum.

60 ára afmælishátíð Sundfélags Akraness

Sundfélag Akraness varð 60 ára á árinu og hélt uppá afmælið sitt í byrjun desember. Félagið bauð öllum bæjarbúum í veislu enda hafa þeir ætíð stutt dyggilega við Sundfélagið. Gunnar Sigurðsson forseti bæjarstjórnar færði félaginu mjög veglega peningagjöf frá Akraneskaupstað í tilefni tímamótanna og nefndi að þrátt fyrir að fresta hefði þurft útboði sundlaugarinnar sl. haust sé mikill vilji innan bæjarstjórnar að setja málið aftur á dagskrá við endurskoðun fjárhagsáætlunar. Hörður Oddfríðarson formaður SSÍ ávarpaði einnig afmælisgesti og það gerði einnig formaður ÍA, Sturlaugur Sturlaugsson.

Ríkharður Jónsson heiðursborgari Akraness

Bæjarstjórn Akraness samþykkti að gera Ríkharð Jónsson að heiðursborgara á Akranesi. Athöfnin fór fram í Akraneskirkju að viðstöddum forseta Íslands, hr. Ólafi Ragnari Grímssyni og forsetafrúnni Dorrit Moussajef. Auk þeirra voru fjöldi annarra gesta svo sem liðsmenn Gullaldarliðsins frá 1951, þingmenn Norð-Vesturlandskjördæmis og að sjálfsgöðu fjölskyldu Ríkharðs. Gunnar Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar Akraness greindi frá ákvörðun bæjarstjórnarinnar og afhenti Ríkharði heiðursborgaraskjal og grip til staðfestingar á þessari ákvörðun. Þá var eiginkonu Ríkharðs, Hallberu Guðnýju Leósdóttur, afhentur skartgripur, en þeir gripir sem afhentir voru gerði Dýrfinna Torfadóttir, listakona og gullsmiður. Að athöfninni lokinni var haldið kaffisamsæti í Vinaminni þar sem nokkrar ræður voru haldnar, m.a. ávarp forseta Íslands.

Hreyfing til heilbrigðis

Í sumar stóð Íþróttabandalag Akraness fyrir 5 gönguferðum á Akrafjall og voru þær í umsjón Brynjars Sigurðssonar




íþróttakennara. Þáttaka var með ágætum og vissulega tilefni til að halda þeim áfram. Einnig tók Íþróttabandalagið þátt í því að hvetja Skagamenn til hreyfingar með þátttöku í “Lífshlaupinu” og “Hjólað í vinnuna”

Rúmlega 100 göngugarpar tóku þátt í Jónsmessugöngunni sem farin var þriðjudaginn 24. júní. Á undan göngunni var haldið Háahnúkshlaup og tóku sjö hlauparar þátt í því. Lagt var af stað frá vatnsveitu Akurnesinga og hlaupið upp hlíðar Akrafjalls. Besta tímanum náði Hugi Harðarson, 23 mínútur og 17 sek. Fast á hæla hans kom Jóhannes Guðjónsson tæpri mínútu seinna. Að loknu hlaupi var lagt af stað í Jónsmessugönguna. Gönguveður var mjög gott og fóru nánast allir þátttakendur alla leið á Háahnúk og nutu síðan glæsilegs sólarlags í lok göngunnar. Að göngu lokinni var haldið í Jaðarsbakkalaug þar sem Sturlaugur og Hildur Karen sáu um að grilla pylsu fyrir sundlaugagesti, góð stemming var á laugarbakkanum og var þetta skemmtilegur endir á skemmtilegu kvöldi.

Kvennahlaup ÍSÍ

Alls tóku um 300 konur á öllum aldri þátt í Sjóvá Kvennahlaupi ÍSÍ sem fram fór á Akranesi 7. júní. Hlaupið var frá Íþróttahúsinu við Vesturgötu og sá Guðlaug Sverrisdóttir um léttu upphitun fyrir hlaup. Það var síðan Helga Gunnarsdóttir sem ræsti hlaupið með allsérstæðum hætti þar sem hún sló sleif í pott. Hlaupin var um 3 km leið sem endaði uppí Skógrækt þar sem verðlaunapeningar voru



Þreksalurinn / ÍA Trimmið

Góð aðsókn var í íþróttamannvirki Akraneskaupstaðar á síðasta ári og tölverð aukning frá fyrra ári. Alls voru 317.854 heimsóknir í íþróttamannvirkin á árinu 2008 og er það aukning um 25 þúsund frá 2007 og hefur aðsóknin verið að aukast jafnt og þétt frá árinu 2004. Komur í þreksalurinn voru um 42.000 og á álags tímum er þar mjög þröngt á þingi. Við reynum eftir bestu getu að láta samspil almennings og íþróttahópa ganga upp með því að halda íþróttahópum frá álagstímum milli 17 – 19 á virkum dögum. Alls eru rúmlega 300 iðkendur á vegum íþróttafélaganna sem nýta sér þrekaðstöðuna sér að kostnaðarlausu og höfum við reynt að afmarka þá notkun við elstu afrekshópa íþróttafélaganna. Rekstur þreksalarins er ein helsta tekjulind Íþróttabandalagsins og verðum við að skoða alvarlega hvernig við getum bætt

þá aðstöðu miðað við aukna aðsókn og kröfur um aukin gæði. Vegna minnkandi þátttöku í ÍA Trimminu hætti Íþróttabandalagið að halda úti líkamsræktarnámskeiðum, í stað þess leigir Íþróttabandalagið út aðstöðu til þeirra sem vilja halda úti slíkum námskeiðum. Þetta fyrirkomulag hefur blásið nýju lífi í starfseminu og aðsóknin aukist verulega. Skokkhópurinn Skagaskokk er einnig skemmtileg viðbót í hina víðtæku flóru almenningsíþróttar á Akranesi. Framkvæmdastjórn ÍA vill þakka öllum þeim fjölmörgu aðilum sem komið hafa að ÍA- Trimminu frá árinu 2000 fyrir gott samstarf.

afhentir og boðið var uppá ávexti og Egils Kristal. Yfirskrift hlaupsins í ár var „Heilbriggt hugarfar - hraustar konur“.

Kynning á íþrótt- og æskulýðsstarfi

Innritunar og kynningardagur íþrótt- og tómstundafélaga á Akranesi var haldinn fimmtudaginn 28. ágúst. Þá kynna slík félög starfsemi sína fyrir bæjarbúum, einnig var tekið við skráningum í vetrarstarf félaganna. Þarna gátu bæjarbúar kynnt sér á einum stað allt það sem er í boði á þessu sviði. Palestínska flóttafólkið sem fluttist til Akraness frá Írak heimsóttu Íþróttamiðstöðina um miðjan september. Fengu þau kynningu á því sem í boði er í tengslum við íþrótt- og tómstundastarf ásamt því sem farið var yfir helstu þætti er tengjast starfinu. Þau voru greinilega spennt yfir því sem í boði er. Íþróttabandalagið og aðildarfélög þess fengu hrós fyrir það hversu opin þau voru fyrir þessum nýju bæjarbúum og gáfu þeim mikil tækifæri til þess að prófa sig áfram í þeim íþróttageinum sem í boði eru.

Fjármál

Heildartekjur aðildarfélag ÍA árið 2008 voru um 198 m.kr. Tekjur Íþróttabandalagsins voru um 16,3 m.kr. Samtals eru því tekjur íþróttahreyfingarinnar um 214 m.kr. Rekstrartap af eiginlegum rekstri aðildarfélaganna fyrir fjármagnsliði reyndist um 170 þús.kr. og hagnaður Íþróttabandalagsins var um 3,8 m.kr þannig að í raun var hreyfingin í heild vel yfir núllinu áður en tekið er tillit til fjármagnsliða. Því miður gerði hrun á fjármálamörkuðum það að verkum að vaxtagjöld hækkðu verulega og var tap íþróttahreyfingarinnar í heild sinni um 28 m.kr. Heildarskuldir aðildarfélaganna eru um 72.5 m.kr. þar af eru skuldir Golfkl. Leynis um 56 m.kr vegna uppbyggingu golfvallarins, á móti þeim er þó að hluta framkvæmdasamningur við Akranesbæ. Aftur á móti er ánægjulegt að sjá hversu vel UKÍA tókst að rétta af sinn fjárhag og eiga þau sem þar stóðu að baki hrós skilið fyrir vel unnið starf. Íþróttabandalagið greiddi upp sitt lán við Kaupþingbanka í október og er því nánast skuldaust.





Eignir íþróttahreyfingarinnar eru um 152 m.kr. Eignir Íþróttabandalagsins eru um 40 m.kr, þar af er fasteignamats verð í Íþróttamiðstöðinni tæpar 23 m.kr.

Íþróttir í kjölfar kreppu


Í kjölfar bankahrunsins í október fundaði aðalstjórn ÍA (formenn/stjórnarmenn aðildarfélaganna ÍA) ásamt framkvæmdastjórn ÍA um stöðu íþróttahreyfingarinnar á Akranesi á krepputímum. Heilt yfir var það mat manna að fjárhagsleg staða aðildarfélaganna ÍA væri þokkaleg, þar sem hreyfingin hefur ekki skuldbetta sig um of. Rekstur félaganna til framtíðar er þó óljós vegna óvissu um æfingagjöld og styrki einstaklinga og fyrirtækja. Ekki hefur borið á miklu brottfalli iðkenda ennþá en fundarmenn voru sammála um það að vandamálin gætu komið fram seinna. Fundurinn samþykkti að hvetja bæjarstjórn Akraness til að koma með beinum hætti að þjálfara-/leiðbeinendakostnaði íþróttafélaganna m.a. til að tryggja áfram farsælt forvarnarstarf íþróttahreyfingarinnar á Akranesi. Fundarmenn voru sammála um að hafa sérstaklega í huga í tengslum við íþróttastarfið framundan að “aðgát skuli höfð í nærveru sálar” þar sem aðstæður fólks eru mismunandi. Allra leiða yrði leitað þannig að sem minnst röskun yrði á barna- og unglingastarfinu.

Lokaorð

Árið 2008 var sögulegt og þar skiptust á skin og skúrir. Mikil gróska var í íþróttastarfinu að vanda, mikið af efnilegu íþróttafólk náði athyglisverðum árangri. Valdís Þóra er að skipa sér sess sem einn af bestu kylfingum landsins, sundfólkið okkar

eru stöðugt að bæta sig og við eigum einnig afreksfólk sem er í fremstu röð í hestamennsku, badminton, karate, keilu og skotfimi. Knattspyrnulið ÍA féll því miður niður í 1. deild en stoppar þar væntanlega stutt við því það er mikill efniviður í knattspyrnu á Skaganum bæði hjá strákum og stelpum. FIMA er að koma upp með mjög svo efnilegan keppnishóp. Félagið hélt með miklum sóma Íslandsmótið í almennum fimleikum 1. og 2. þrep, þar áttum við um 30 keppendur af 270. Körfuknattleiksfélagið er með lið sem á ágætis möguleika á að vinna sig upp um deild og Bresa konur stóðu sig vel í 2. deildinni í blaki. Íþróttafélagið Þjótur hélt úti sínu hefðbundna íþróttastarfi og einnig heldur Umf. Skipaskagi úti grósku miklu starfi í frjálsíþróttum og línudansi. Hnefaleikar og vélhjólaíþróttir eru nýjar íþróttagreinar sem eru að hasla sér völl á Akranesi og fara vel af stað í sínu starfi.

Bankahrunið í október var vissulega áfall fyrir íþróttahreyfinguna á Akranesi. Við verðum að aðlag okkur að breyttum aðstæðum, hagræða í rekstri og gæta þess að börn og unglingar geti stundað sínar íþróttir nú sem áður fyrr. Íþróttabandalagi Akraness lítur á það sem eina af sínum skyldum að stuðla að aukinni hreyfingu og heilsusamlegum lífstíl meðal hins almenna bæjarbúa á Akranesi. Í íþróttamannvirkjum bæjarins fer fram fjölbreytt íþróttastarf og eru iðkendur á vegum ÍA alls um 2000. Einnig er þar í boði önnur fjölbreytt líkamsræktarstarfsemi ásamt því sem aðildarfélag ÍA eru með ýmislegt í sínu starfi sem bæjarbúar geta nýtt sér til heilsuþótar, td. trimmhópur í badminton, hobbyhópar í knattspyrnu ofl. Umhverfi Akraness býður líka uppá fjölbreytta möguleika til heilsuræktar eins td. Akrafjallið, Langisandur og Skógræktin. Íþróttabandalag Akraness þakkar öllum þeim sem unnið hafa beint eða óbeint að uppbyggingu íþróttahreyfingarinnar á Akranesi. Við viljum sömuleiðis þakka Akranesbæ fyrir gott samstarf á liðnu ári og metnaðarfull áform um að styðja við íþróttastarfið á erfiðum tímum. Áfram ÍA.



Íslands- og/eða bikarmeistarar ÍA 2008

Badminton

Karitas Eva Jónsdóttir
Róbert Þór Henn
Una Harðardóttir

Fimleikar

Aldís Ylfa Heimisdóttir
Elínborg Þórðardóttir Llorenz
Elísabet Sveinbjörnsdóttir
Hulda Karen Sigurðardóttir
Karen Sól Sævarsdóttir
Ragna Sólveig Þórðardóttir
Svanhildur Alexzandra Elínbjargardóttir
Særós Gunnlaugsdóttir

Frjálsíþróttir

Andri Jónsson

Knattspyrna

Anton Kristjánsson, Evrópumeistari Special Olympics

Keila

Arnór Elís Kristjánsson
Björn Birgisson
Elínborg Bára Sveinsdóttir
Hörður Einarsson
Ívar G. Jónsson
Snorri Harðarson
Steinunn Inga Guðmundsdóttir
Þorleifur Jón Hreiðarsson

Skotfimi

Birkir Óskarsson

Sund

Alda Karen Jónsdóttir
Halldór Reynisson
Hrafn Traustason
Inga Elín Cryer
Jón Þór Hallgrímsson
Rakel Gunnlaugsdóttir

Garpasund

Gunnar H. Kristinsson Íslands- og norðurlandam. Garpa
Jón Hugí S. Harðarson, Íslands- og norðurlandam. Garpa
Bjarney Guðbjörnsdóttir, Norðurlandameistari Garpa
Hildur Karen Aðalsteinsd., Norðurlandameistari Garpa
Ragnheiður Runólfsdóttir, Norðurlandameistari Garpa



64. ársþing ÍA haldið 15. maí 2008 í Íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum

Þingsetning

Sturlaugur Sturlaugsson formaður ÍA setti þingið og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þings. Hann lagði til að Ellert Ingvarsson yrði þingforseti og að Guðlaug Sverrisdóttir tæki að sér að vera fundarritari, var það samþykkt einróma. Ellert þakkaði traustið og vonaðist eftir að þingið yrði gott og starfsamt, hann sagðist hafa gengið úr skugga um að löglega hafi verið boðað til þingsins. Hann fór síðan yfir dagskrá þingsins og kallaði eftir kjörbréfum.

Kjörbréfanefnd

Þingforseti las upp tillögu um fulltrúa í Kjörbréfanefnd, í henni voru þau: Halldór Hallgrímsson, Rósa Halldórsdóttir og Anna Bjarnadóttir. Ekki komu fram fleiri tillögur og bað þingforseti Halldór að fara fyrir nefndinni og að hún tæki strax til starfa. Nefndin starfaði hratt og örugglega og gerði Halldór Hallgrímsson formaður kjörbréfanefndar grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar. Alls bárust kjörbréf frá 11 félögum af 14 sem tilkynna 22 þingfulltrúa af 52. Mættir voru fulltrúar frá Badmintonfélagi Akraness, Blakfélaginu Bresa, Golfklúbbnum Leyni, Hestamannafélaginu Dreyra, Íþróttafélaginu Þjóti, Karatefélagi Akraness, Keilufélagi Akraness, Knattspyrnufélagi ÍA, Korfuknattleiksfélagi Akraness, Sundfélagi Akraness og Ungmennafélaginu Skipaskaga. Halldór sagði nefndina hafa farið yfir kjörbréfin og lagði til að þau yrðu samþykkt. Voru þau samþykkt samhljóða.

Skýrsla framkvæmdarstjórnar ÍA

Þingforseti gaf Sturlaugi Sturlaugssyni orðið til að flytja skýrslu framkvæmdarstjórnar ÍA. Í ræðu sinni fór Sturlaugur yfir starfsemi Íþróttabandalagsins á árinu 2006 og stiklaði á stóru í því fjölbreytta íþróttastarfi sem fram fer hjá aðildarfélögunum.

Sturlaugur kom inná rekstur íþróttabandalagsins sem var jákvæður um hálfa milljón á árinu 2006. Heildartekjur bandalagsins voru um 15,5 milljónir króna, bein rekstrargjöld voru rétt um 15 milljónir Samkvæmt rekstrar- og efnahagsreikningum Íþróttabandalagsins og aðildarfélaga þess á árinu 2006 var tap upp á 14 m.kr. Jákvætt væri þó að skuldir hafa lækkað um nær 15 milljónir kr. frá síðasta ári. Sturlaugur taldi uppbyggingu íþróttamannvirkja vera í viðunandi farvegi og vonaðist eftir að sjá nýja innisundlaug rísa á árinu 2008, stúku og áframhaldandi hönnun á nýrri og þróaðri íþróttamiðstöð jafnvel með hugsanlega lausn fyrir fimleikafólk.

Að lokum þakkaði Sturlaugur öllum þeim sem koma að starfi íþróttahreyfingarinnar á Akranesi fyrir þeirra starf, hann þakkaði Akraneskaupstað fyrir veglegan styrk í tilefni af 60 ára afmælinu og vonaði að árið 2007 yrði gæfuríkt íþróttarár.

Ársreikningar ÍA

Næst gaf þingforseti ÍA, Jóni Þór Þórðarsyni íþróttfulltrúa ÍA, orðið til að fara yfir ársreikninga ÍA. Jón Þór gerði grein fyrir ársreikningum íþróttabandalagsins fyrir árið 2007 og skýrði þar út helstu liði. Hann fór einnig yfir fjárhagsáætlun bandalagsins fyrir árið 2008 og gerði grein fyrir ársreikningum í tengslum við Minningarsjóð Guðmundar Sveinbjörnssonar.

Þingforseti þakkaði Jóni Þór fyrir og gaf orðið laust um ársskýrslu og ársreikninga. Fleiri kváðu sér ekki hljóðs undir þessum lið og bar þingforseti því ársskýrslu og ársreikninga upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

Skattur til ÍA

Þingforseti gat þess að ÍA hefði ekki rukkað aðildarfélög sín um neinn skatt undanfarin ár og lagði til að svo yrði áfram. Tillaga þess efnis að skattur til ÍA yrði áfram 0 kr. var samþykkt samhljóða.

Fyrirmyndarfélags viðurkenning

Því næst gaf þingforseti Hafsteini Pálssyni fulltrúa ÍSÍ orðið. Hann óskaði Íþróttabandalaginu til hamingju með þingið og greinagóða skýrslu, þrátt fyrir skakkaföll þá væri tekið á málunum með ábyrgð og festu sem aðrir gætu lært af. Hafsteinn upplýsti að sitt starf innan ÍSÍ væri einkum tengt lýðheilsu og gerði grein fyrir nýlegum verkefnum sem eru Lífshlaupið og Hjólað í vinnuna. Hann minntist einnig á að mikilvægt væri að íþróttahreyfingin héldi á



lofti merkjum Lottó og Getraun sem eru ein helsta tekjulind íþróttahreyfingarinnar. Að lokum væri það ánægjulegt verk að veita Sundfélagi Akraness viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélag ÍSÍ, og tók Sigríður Ragnarsdóttir við viðurkenningunni fyrir hönd Sundfélagsins.

Sturlaugur Sturlaugsson formaður ÍA kvað sér hljóðs og þakkaði Hafsteini fyrir hlý orð í garð íþróttabandalagsins. Hann óskaði Sundfélaginu innilega til hamingju með Fyrirmyndarfélagsviðurkenninguna, það gleddi hann mjög sem gamlan sundmann og félagar í Sundfélaginu.



Ný aðildarfélag í ÍA

Þingforseti kynnti þinginu Vélhjólaíþróttafélag Akraness sem sótti um aðild að ÍA á síðasta ársþingi. Það hefði farið í gegnum umsóknarferlið og fengið samþykki að hálfu ÍSÍ, hann lagði fram þá tillögu að Vélhjólaíþróttafélag Akraness fengi staðfesta aðild að ÍA og var hún samþykkt samhljóða.

Þingforseti kynnti þinginu einnig að borist hefði umsókn frá Hnefaleikafélagi Akraness um aðild að Íþróttabandalagi Akraness og að framkvæmdastjórn ÍA hafi fjallað um málið og mælti með umsókninni og lagði til að hún yrði samþykkt. Umsókn Hnefaleikafélags Akraness um aðild að Íþróttabandalagi Akraness var samþykkt samhljóða.

Kosning framkvæmdastjórnar ÍA

Þá var komið að því að kjósa í framkvæmdastjórn ÍA. Þingforseti las upp tillögu til formanns og varaformanns, þá Sturlaug Sturlaugsson og Ellert Ingvarsson, sú tillaga var samþykkt með lófaklappi. Tillaga um aðra í framkvæmdastjórn: Guðlaug Sverrisdóttir, Halldór Fr. Jónsson og Margrét Ákadóttir. Tillaga að varamönnum þau: Hildur Karen Aðalsteinsdóttir og Brandur Sigurjónsson. Þessar tillögur voru einnig samþykktar einróma.

Tillaga um félagskjörna skoðunarmenn þá: Andrés Ólafsson og Bergþór Guðmundsson, þeir voru samþykktir einróma. Tilnefning fulltrúa á ÍSÍ þing var vísað til framkvæmdastjórnar ÍA. Tillaga um stjórn Minningarsjóðs Guðmundar Sveinbjörnssonar þau: Sturlaugur Sturlaugsson, Kristján Sveinsson og Rósa Halldórsdóttir, þessi tillaga var samþykkt einróma.

Kynning á framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja

Hildur Karen Aðalsteinsdóttir sem á sæti í bygginganefnd íþróttamannvirkja, fór yfir áform í tengslum við uppbyggingu nýrrar sundlaugar og sýndi myndband sem sýnir glöggt væntanlegt útlit laugarinnar. Hún kom einnig inná áform varðandi tengibyggingu milli Íþróttamiðstöðvarinnar og Akraneshallarinnar sem væri í skoðun og á langtíma plani.

Önnur mál

Sigrún Ríkharðsdóttir formaður Knattspyrnufélags ÍA kvað sér hljóðs, hún þakkaði Hildi fyrir áhugverða kynningu, og hún óskaði Sundfélaginu innilega til hamingju

með Fyrirmyndarfélags viðurkenninguna. Sigrúnu fannst mikilvægt að efla Minningarsjóð Guðmundar Sveinbjörnssonar, halda honum betur á lofti og gera hann sýnilegri. Hún þakkaði Íþróttabandalaginu fyrir aðkomu þess á Kynslóðaleik í knattspyrnu sem haldinn var 12. maí, þetta framtak hefði glatt hjarta margra þeirra sem komið hafa að knattspyrnunni á Akranesi með einum eða öðrum hætti. Að lokum þakkaði hún fyrir gott þing og óskaði öllum góðs gengis.

Ágústa Andrésdóttir formaður Karatefélags Akraness kvað sér hljóðs og lék forvitni á að vita meira um íþróttatengt nám og sagði að henni fyndist einnig tilfinnanlega vanta sjóð sem styður afreksfólk af Akranesi til keppni erlendis.

Helga Gunnarsdóttir, sviðstjóri fræðslu- tómsunda og íþróttasviðs Akraneskaupstaðar sagði að hugmyndin hefði verið rædd en málið þokaðist hægt, hún kom inná að slíkur sjóður yrði að byggjast á traustum grunni þar sem saman kæmu Akraneskaupstaður, ÍA og einkafyrirtæki. Helga upplýsti einnig að nýverið hefði verið samþykkt að þeir vinnuskóla unglingar sem eru í afreksverkefnum sem koma inná vinnutíma í vinnuskólanum fá launað leyfi til að sinna þeim verkefnum. Að lokum þakkaði hún fyrir gott samstarf við Íþróttabandalagið og óskaði öllum góðs gengis.

Jóhanna Leópolddóttir frákvænnanefnd Knattspyrnufélags ÍA kom inná íþróttatengt nám í FVA, hún upplýsti að slíkt nám væri í boðið fyrir stráka og stelpur í knattspyrnu en fannst að það mætti standa betur að kynningu.

Sigríður Ragnarsdóttir frá Sundfélagi Akraness greindi frá því að hún hefði setið í nefndinni sem fjallaði um málið og skilað af sér skýrslu. Hún sagðist nýverið hafa gengið á fund skólameistara varðandi sundið á næsta skólaári og tjáði að það yrði boðið uppá leið þar sem tekið er tillit til sundfólks hvað varðar tíma og einingar.

Þingslit

Að lokum fól Þingforseti Sturlaugi Sturlaugssyni að slíta þinginu. Sturlaugur þakkaði fyrir gott þing, sagði að Akraness ætti mikla möguleika sem heilsuþæð, hann hvatti alla til að halda áfram að íþróttamálunum og sagðist líta björtum augum á framtíðina, þakkaði þingforseta og þingfulltrúum fyrir og sleit 64. ársþingi ÍA.

Ársskýrslur aðildarfélaganna

Badmintonfélag Akraness

Aðalfundur Badmintonfélags Akraness var haldinn í Íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum 10. apríl 2008. Á aðalfundinum var ársskýrsla stjórnar og ársreikningar samþykktir. Laufey Sigurðardóttir var kosinn áfram sem formaður. Aðrir í stjórn voru kosnir Kristín Halldórsdóttir, Ása Pálsdóttir, Guðlaugur Gunnarsson og Írena Jónsdóttir.

Þrjár tillögur að lagabreytingum voru samþykktar en iðkendur í hóp 1 hjá félaginu fengu undanþágu til að koma með breytingartillögu, við grein 2.8, beint á fundinn.

Í grein 2.1 verður fyrsta málsgrein „Aðalfundur skal haldinn á tímabilinu 15. Mars – 15. Apríl ár hvert“ Í grein 2.4 verður önnur málsgrein (og áfram) „Síðan skal kjósa 4 aðra menn í stjórn. Ef fleiri en 4 eru í kjöri skal kjósa um þá á þann hátt að viðstaddir riti 4 nöfn á atkvæðaseðilinn og þeir sem flest atkvæði hljóta eru réttkjörnir. „

Grein 2.8 verður „Stjórn B.A. getur boðað til félagsfundar ef henni þykir þurfa og henni ber að gera það ef 8 félagsmenn fara fram á það. Meirihluti stjórnar skal vera viðstödd fundinn.

Iðkendur á tímabilinu voru um 100 talsins sem skiptust í 4 flokka eins og undanfarin ár, auk trimmara. Þetta árið voru allir flokkar með passlegan fjölda iðkenda miðað við húsnæði. Mikil fjölgun hefur orðið í hópi trimmara sem er mjög ánægjulegt eftir mikið átak undanfarin ár. Aðalþjálfari 1. flokks var Broddi Kristjánsson. Aðalþjálfari 2,3 og 4 flokks var Helgi Magnússon og aðstoðarþjálfarar Írena Jónsdóttir og Róbert Þór Henn. Er almennt mjög mikil ánægja hjá félaginu með þjálfaramálin.

Badmintonfélag Akraness stóð fyrir þremur opnum badmintonmótum líkt undanfarin ár. Skál þar fyrst nefna

Atlamótið í október 2008, þar sem keppt var í meistara-, A og B flokki fullorðinna. Grislingamótið var haldið í janúar 2009 og Landsbankamót ÍA var haldið í febrúar 2009. Öll mótin gengu mjög vel fyrir sig.

Iðkendur okkar tóku þátt í fjölda móta á árinu, bæði unglinga- og fullorðinsmótum og hafa staðið sig mjög vel. Góður árangur hefur náðst, krakkarnir hafa tekið miklum framförum og unnið til fjölda verðlauna á mótunum. Þá eru ávalt nokkrir iðkendur sem einungis vilja æfa og mikil áhersla er lögð á að það sé í lagi. Stærsta unglingamót ársins, Íslandsmeið, var haldið í Mosfellsbæ 13–15 mars s.l. Frá okkur fóru 25 keppendur, sem stóðu sig öll mjög vel og unnu til fjölda verðlauna. Við eignuðumst 1 Íslandsmeistara, Öldu Karen Jónsdóttur sem vann gull í einliðaleik snóta U 11 ára. Aðrir sem unnu til verðlauna voru; Í U11 vann Ingibjörg Jónsdóttir silfur í einliða snóta. Í U13 vann Halldór Axel Axelsson silfur í einliða hnokka. Alda vann silfur í tvíliða táta og einnig silfur í tvenndar hnokka/táta með Halldóri Axel. Í U 19 vann Egill G. Guðlaugsson silfur í einliða pílta og silfur í tvíliða með Eiríki Bergmann Henn.

Þá unnu krakkarnir stærsta bikar mótsins, fyrir prúðasta liðið, sem er frábær viðurkenning.

Næsta stórmót er Meistaramót Íslands, 27 – 29 mars en þar munu öll elstu og bestu keppendur félagsins taka þátt. Síðasta mót ársins er Akranesmeistaramótið 26. apríl, sem líkur svo með lokahófi félagsins.

Eins og undanfarin ár átti félagið marga fulltrúa í landsliðum Íslands og fóru þeir reglulega á æfingar og í ferðir á vegum landsliðsins. Í A-landsliðshópnum voru Karitas Ósk Ólafsdóttir, Birgitta Rán Ásgeirsdóttir og Róbert Þór Henn. Karitas Ósk var valin í A-landslið Íslands sem fór á EM landsliða í Liverpool í febrúar og fer á HM í Kína í maí. Í U19 og U17 landsliðshóp voru Ragnar Harðarson, Kristján Aðalsteinsson, Egill Guðlaugsson, Ármann Steinar Gunnarsson, Karitas Eva Jónsdóttir, Eiríkur Bergmann Henn og Halldór Reynisson. Egill var svo valinn í U19 ára landslið Íslands sem keppa mun á Evrópumóti unglinga á Ítalíu á apríl og Halldór Reynisson var valinn í U17 landsliðið fyrir mót í Belgíu í apríl '09.

Í U15 landsliðsúrtaðshóp voru Steinn Þorkelsson, Jóhannes Þorkelsson, Þórður Páll Fjalarson, Marvin Þrastarson, Alexandra Ýr Stefánsdóttir, Valdís Marsellía Þórðardóttir og Hafðís Mist Bergsteinsdóttir.

Rekstur félagsins gekk vel. Auk æfingagjalda voru helstu fjáraflanir happdrætti og dagatal. Þá hjálpaði mikið til aukinn stuðningur Akranes-kaupstaðar við íþróttafélög bæjarins og hækkan á ávísunum til barna vegna íþróttar og tómstundaiðkana.



Blakfélagið Bresi

Starfsemi blakfélagsins Bresa var með líku sniði og undanfarin ár. Aðalfundur var haldin í 7. apríl 2008 með hefðbundnu sniði í Íþróttahúsinu á Vesturgötu og var mæting frekar góð. Sigríður Helgadóttir gaf ekki kost á sér sem formaður. Sigríður Sigurðardóttir gaf heldur ekki kost á sér sem ritari áfram. Stjórn blakfélagsins Bresa er því þannig skipuð: Steindóra Steinsdóttir formaður, Jóna Björg Olsen ritari og Rósa Halldórsdóttir gjalkeri. Endurskoðendur eru Hrefna Guðjónsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir. Við þökkum Sigggu og Sirrý fyrir vel unninn störf.

Rósa Halldórsdóttir hefur ákveðið að gefa ekki áfram kost á sér sem gjaldkeri. Ekki er vitað hver tekur við gjaldkerastarfinu í þessum rituðum orðum. Við þökkum Rósu fyrir vel unninn störf.

Æfingar

Æfingar hófust um mánaðarmótin ágúst/september að fullum krafti líkt og undanfarin ár og var æft bæði við vesturgötu og á Jaðarsbökkum. Æfingar eru á mánudögum kl:19:30 að vesturgötu og á fimmtudögum kl:21:00 að Jaðarsbökkum. Ekkert karlablak er þriðja árið í röð. Skráðir félagar eru um 30.

Keppni

Bresi sendi tvö lið til leiks í Íslandsmótinu í blaki. Eitt í 2. deild og eitt í 3.deild. Þegar þetta er ritað stendur keppni ennþá yfir.

Hraðmót.

Kvinnalið Bresa tók þátt í 5 hraðmótum á árinu 2008.

Trimmmót HK	2 lið
Bresamót	1 lið
Bestamót Fylkis	2 lið
Kjörismót Hamars	2 lið
Stjörnumót	1 lið

Öldungamót.

33. öldungamót BLÍ var haldið á Ísafirði 1-3. Maí. Gist var í skátahúsinu á Ísafirði. Að þessu sinni sendi Bresi 3 kvinnalið og var árangur eftirfarandi:

3. deild	3.sæti
4. deild	4.sæti
Öðlingar	6.sæti

Bresamót

Hið árlega Bresamót var haldið 1.mars og var þátttaka ekki eins góð og síðustu ár. Að þessu sinni var mótið aðeins opið kvinnaliðum og voru 12 lið skráð til leiks. Leikið var á 3 völlum eins og vanalega. Mótið gekk vel þó svo að við hefðum viljað hafa það fjölmennara.

Fimleikafélag Akraness

Árið 2008 hófst af krafti hjá Fimleikafélagi Akraness, allir hópar fullir og biðlistar í marga hópa. Einnig alltaf nóg að gera hjá Íþróttaskólanum. Strax í janúar var farið með tvo yngri hópa á byrjendahópfimleikamót. Það var Fylkir Reykjavík sem hélt mótið þann 20.janúar. Tókst vel til, margar á sínu fyrsta hópfimleikamóti og vann annar hópurinn til verðlauna. Í byrjun febrúar sýndi keppnishópur frá Fima á Íþróttahátíð UMSB í Borgarnesi listir sínar á loftdýnu og einnig dans. Unglingamót FSÍ í hópfimleikum var haldið á Seltjarnarnesi helgina 9.-10.febrúar. Þar kepptu tveir eldri hópar frá Fima, allir stóðu sig vel og fengum 2.verðlaun á trampolíni. 23.febrúar var Bikarmót FSÍ í hópfimleikum haldið á Selfossi og þar kepptu elstu stelpurnar og stóðu sig vel þó ekki hafi þær unnið til verðlauna.

Fima átti svo í fyrsta sinn hóp á Íslandsmóti FSÍ í hópfimleikum sem haldið var 7. og 8.mars í Garðabæ en þangað komast einungis efstu hóparnir eftir keppnir vetrarins. Stelpurnar stóðu sig mjög vel og höfnuðu í 3.sæti á trampolíni. Skilyrðin fyrir því að taka þátt á Íslandsmóti voru að á næsta tímabili keppir þessi hópur í TeamGym reglum (Evrópu-reglur)sem eru flóknari og erfiðari en Landsreglurnar sem þær og aðrir hópar Fima hafa verið að keppa í. Stjörnutrompmótið var svo 13.apríl og þangað fóru tveir eldri hópar og unnu til margra verðlauna. Innanfélagsmótið var tvískipt, yngri hópar kepptu mánudaginn 14.apríl en eldri föstudaginn 25.apríl. Báðir hlutar gengu hratt og vel og allir keppendur stóðu sig vel. Vorhópfimleikamót FSÍ átti að halda í tveimur hlutum, yngri í Mosfellsbæ 18.maí og eldri hér á Akranesi. Tveir



hópar fóru frá Fima á yngri hlutann og fengu ein verðlaun. En seinni hlutinn féll niður vegna ónógrar þátttöku, mörg lið afboðuðu sig á síðustu stundu sem var miður þar sem við vorum vel undirbúin fyrir að halda þetta mót.

Veturinn endaði svo á opnum æfingum hjá öllum hópum, þar sem allir voru velkomnir. Reyndar hættu ekki allir hópar æfingum í maí, því nýji TeamGym hópurinn hélt áfram æfingum og einnig hópurinn sem var að fara á Eurogym í júlí. Tveir næst elstu hóparnir hjá Fima höfðu æft allan veturinn dans sem sýna átti á Eurogym- hátíðinni sem haldin var í Albi í suður Frakklandi 11.-19.júlí. Þátttakendur eru um 4000 frá 25 löndum og þarna sýna allir listir sínar og fara í vinnustöðvar þess á milli. Þetta er annað skiptið sem Fima fer með hóp á þessa hátíð sem er haldin annað hvert ár og nú fóru rúmlega 20 stelpur ásamt þjálfurum. Ferðin var mikið ævintýri sem gleymist seint. Hópurinn stóð fyrir hinum ýmsum fjáröflunum um veturinn s.s. dansmaraðoni, hreinsanir fyrir bæinn, kleinubakstur svo e-ð sé nefnt. Fyrir brottför sýndi hópurinn á Írskum dögum og gekk vel.

Í júní fengum við þjálfarann Zoltán Démény frá Ármanni til að koma og vera með nokkrar æfingar fyrir TeamGym hópinn okkar. Það samstarf í júní og júlí tókst svo vel að hann fór ekkert frá okkur, heldur var hann ráðinn áfram sem þjálfari hjá Fima. Zoltán er Ungverji sem þjálfði mörg ár í Svíþjóð áður en hann kom til Íslands og þjálfði hjá Ármanni. Við teljum okkur hafa dottið í lukkupottinn með að fá hann til starfa hjá okkur en hann sér um þjálfun eldri hópanna ásamt einum yngri hóp. Hann hefur staðið sig frábærlega með hópana okkar og vonum við að hann verði áfram hjá Fima.

Starfið hófst aftur í ágúst með æfingum hjá elstu hópnum og síðan allt komið á fullt í byrjun september en æfingatímafjöldinn var nánast sá sami. Íþróttaskólinn var áfram á laugardögum og allir komust að sem vildu. Mjög mikið var að gera í nóvember þar sem mót voru þrjár helgar í röð. Helgina 15.-16.nóvember var Íslandsmótið í 1.og 2.þrepi almennt fimleika haldið hér á Akranesi. 50 keppendur voru frá Fima en alls voru keppendur um 300 frá 10 liðum. Mótið gekk mjög vel í alla staði og keppendur Fima unnu til nokkurra verðlauna m.a. 6 Íslandsmeistarátitla í 2.þrepi. 21.-22.nóvember var Hausmót FSÍ í hóp fimleikum haldið hjá Stjörnunni í Garðabæ. Þar kepptu tveir hópar í Landsreglum og í fyrsta skipti TeamGym hópurinn sem stóðu sig mjög vel og endaði í 3.sæti í samanlögðu. Seinni hluti Íslandsmótsins í almennum fimleikum var svo haldið í Mosfellsbæ helgina 29.-30.nóvember en þá var keppt í 3.-6.þrepi. Þar áttum við 6 keppendur í 3.þrepi og unnum nokkur verðlaun m.a.2 Íslandsmeistarátitla í 3.þrepi. Á sunnudeginum var haldið Meistaramót þar sem einungis 10 stigahæstu í hverju þrepi kepptu og voru þar 4 stelpur frá Fima, 2 í 2.þrepi og 2 í 3.þrepi sem stóðu sig mjög vel. Starfið endaði svo á opnum æfingum um miðjan desember.

Stjórn Fima skipuðu, Margrét Ólafsdóttir formaður, Guðný Sigurðardóttir gjaldkeri, Halldóra Árnadóttir ritari, Kolbrún Katarínusardóttir og Sigrún Sigmundsdóttir meðstjórnendur.

Þjálfarar 2008 voru, Anna Lárusdóttir yfirþjálfari, Erna Sigurðardóttir, Maren Elíasdóttir, Zoltán Démény, Marianne Sigurðardóttir, Ester María Ólafsdóttir, Brynjar Sigurðsson, Dána Bergsdóttir, Kristín Karlsdóttir, Lóa Gísladóttir, Lilja Guðmundsdóttir og Þórdís Þráinsdóttir.

Hjá Íþróttaskólanum, Ragnheiður Guðjónsdóttir, Ingibjörg H. Ólafsdóttir, Aðalheiður Þráinsdóttir, Katrín Harðardóttir (til vors), Sigríður Gunnarsdóttir og Steindóra Steinsdóttir frá hausti ásamt nokkrum aðstoðarmönnum. Íþróttamaður Fima 2008 var Elísa Svala Elvarsdóttir.

Golfklúbburinn Leynir

Golfárið 2008 var 43. starfsár Golfklúbbsins Leynis. Árið mótast að miklu leyti af samstarfi GL við GR og efnahagsástandi íslensku þjóðarinnar. Þá ber einnig að minnast frábærs árangur karlasveitar Golfklúbbsins Leynis í fyrstu deildinni sem spiluð var hér á okkar heimavelli, klúbburinn eignaðist íþróttakonu Akraness árið 2007, það er Valdís Þóra Jónsdóttir. Valdís hefur síðan þá sýnt miklar framfarir og endaði tímabil sitt í Brasilíu nú fyrir skömmu á því að tryggja sér þátttökurétt í einu móti á evrópsku mótaröðinni árið 2008. Frábær árangur.

Í eftirfarandi greinargerð ársins 2008 er starfssemi klúbbsins gerð skil. Þá eru aðrar skýrslur starfandi nefnda hjálagðar.

Aðalfundur 12. desember 2007

Á aðalfundi GL þann 12. desember 2007 var kosin ný stjórn fyrir núverandi starfsár 2008.

Úr stjórn gengu:

- Formaður til eins árs: Heimir Fannar Gunnlaugsson
- Stjórnarmenn til tveggja ára: Viktor Elvar Viktorsson og Alexander Eiríksson

- Varamaður til eins árs: Halldór Hallgrímsson

Kosnir í nýja stjórn fyrir starfsárið 2007 voru:

- Formaður til eins árs: Heimir Fannar Gunnlaugsson.
- Stjórnarmenn til tveggja ára: Viktor Elvar Viktorsson og Halldór Hallgrímsson.

- Varamaður í stjórn til eins árs: Eiríkur Jónsson

Áfram sátu Hörður Kári Jóhannesson og Ingbór Bergmann Þórhallsson, kosnir til 2 ára.

Aðalfundur fór fram með hefðbundnum hætti.

Starf stjórnar á árinu

Starf stjórnar GL tók að miklu leyti mið af fyrsta ári samstarfssamnings við GR. Haldnir voru 18 stjórnarfundir sem færðir voru til bókar, auk óformlegra funda.

Á aðalfundi golfklúbbsins 12. desember 2007 sagði undirritaður að nýjir tímar færu í hönd í starfi Golfklúbbsins Leynis. Árið 2008 byrjaði að mörgu leyti með öðrum hætti en undanfarin ár, það er fyrir lág hvernig rekstri golfklúbbsins



yrði háttað og miklar peningaáhyggjur og hreinlega áhyggjur af því að geta skilað klúbbum réttu megin við núllið vegna óvissu um rekstur vallarins, innkomu af vallargjöldum og mótum, vék fyrir mun uppbyggilegri umræðu um framtíð klúbbsins og þá sérstaklega Garðavallar. Ég vil fyrir hönd stjórnar GL lýsa yfir ánægju minni með samninginn og okkar samstarf þetta fyrsta ár. Að sjálfsögðu eru báðir aðilar að læra af þeim mistökum sem gerð voru þetta fyrsta ár og snýr það bæði að GL sem og GR. Ef á heildina er litið þá hefur samstarfið og sá góði andi sem ríkt hefur í kringum þetta samkomulag frá byrjun, endurspeglast í frábærum golfvelli og aðsókn þetta árið.

Golfklúbburinn Leynir hefur ekki farið varhluta af þeim efnahagslegu hremmingum sem íslenska þjóðin gengur nú í gegnum. Á árinu 2007 ákvað stjórn GL að skuldbreyta lánum klúbbsins í erlend myntkörfulán, eins og gert var grein fyrir á síðasta aðalfundi. Þá hafði náðst mikill árangur við að lækka fjármagnsliði klúbbsins, en samanburður milli árána 2006 og 2007 hljóðaði upp á um 2 milljónum króna lækkan á fjármagnstengdum gjöldum klúbbsins. Árið 2008 leikur okkur aftur á móti grátt því að erlend lán klúbbsins hafa hækkað um 30 milljónir króna.

Samstarfssamningur við GR

Á haustmánuðum 2007 gerði GL samstarfssamning við Golfklúbb Reykjavíkur. Samningur þessi markar þáttaskil í rekstri GL og tryggir áframhaldandi uppbyggingu Garðavallar til framtíðar litið. Samningurinn er til 5 ára en endurskoðaður eftir 2 ár en til að minnsta kosti 3ja ára. Golfklúbbur Reykjavíkur (GR) mun á samningstímanum annast rekstur Garðavallar og skilgreind mannvirki honum tengd fyrir eigin reikning og mun fyrir vikið hafa sambærilegan aðgang að Garðavelli og meðlimir GL. Óreglulegar tekjur, s.s. green fee, útleiga vallar, tekjur af opnum mótum fara til GR. GR mun einnig viðhalda öllum vélakosti og útvega starfsmenn til að vinna í framkvæmdum á Garðavelli í 160 daga á ári.

GL hefur tekjur af félagsgjöldum og skilgreindum mótum, auk þess sem GL er ábyrgðaraðili yfir samningum við Akraneskaupstað. Félagsmenn GL fá skilgreindan aðgang

að völlum GR á samningstímanum. Samningurinn gerir einnig ráð fyrir að GL muni fara í framkvæmdir á vellinum og mun vallarnefnd GL hafa yfirumsjón með faglegum framkvæmdum á vellinum.

Þetta fyrsta ár tókst vel. Allt það sem talað var um að væru hagræðing og hagkvæmni fyrir Golfklúbbinn Leyni kom í ljós og Garðavöllur sýndi sínar allra bestu hliðar í sumar. Metaðsókn var að Garðavelli í sumar en spilaðir voru rúmlega 17.000 hringir. Framkvæmdir við völlinn tókust mjög vel og var virkilega gaman að koma upp á völl í sumar og sjá allt iðandi í lífi, eftir erfitt ár 2007. Þau varnaðarorð sem félagsmenn höfðu varðandi samninginn nýttust vel til að skapa þá umgjörð um samstarfið sem þurfti, en flest það sem upp kom var leyst af skynsemi og virðingu. Það er einnig staðfest trú mín að GR-ingum hafi liðið vel á Akranesi og hlakki til næsta sumars á Garðavelli.

Hótel og golfskáli

Hótel við Garðavöll varð ekki að veruleika á árinu 2008. Ekki tókst að ýta verkinu úr vör en vel leit út með málið í byrjun árs. Það er vonandi að hótel rísi á Akranesi í framtíðinni en gera má ráð fyrir að einhver bið verði eftir því. Til framtíðar litið er nauðsynlegt fyrir GL að huga að nýjum Golfskála fyrir klúbbinn sem bæði klúbbunum og Akranesi er sómi af. Í ljósi þeirrar óvissu sem nú er framundan má gera ráð fyrir að einfaldar og ódýrar lausnir sé eini kosturinn í stöðunni. Við það opnast kannski ný tækifæri sem ekki höfðu áður verið skoðuð s.s. stækkun á núverandi skála eða aðrir möguleikar sem nýta núverandi byggingarreit.

Störf nefnda

Nefndastarf var með hefðbundnum hætti starfsárið 2007. Starfandi nefndir voru Barna- og unglinganefnd, afreksnefnd, kvennanefnd, vallarnefnd og mótanefnd. Hjálagaðar eru skýrslur nefnda.

Keppnisgolf og afreksfólk

Valdís Þóra Jónsdóttir var í byrjun árs kosinn Íþróttakona Akraness árið 2007 í glæsilegri kosningu. Þá var Valdís eini afreks- og landsliðskylfingur GL árið 2008 og stóð sig með miklum sóma. Hún endaði í 4 sæti á stigalista GSÍ, auk þess að sigrá á síðasta mótinu sem haldið var á Urriðavelli. Valdís sigraði einnig Faldo Series (undir 21 árs) sem haldið var á Garðavelli og náði þeim frábæra árangri að vera með besta skor af öllum keppendum í mótinu og hljóta í vinning ferð til Brasilíu á lokamót Faldo Series Final. Á þessu móti vann Valdís sér inn þátttökurétt á einu móti á Evrópumótaröð kvenna á næsta ári með því að vera á besta skori stúlkna í mótinu. Afreksstarf innan GL var í góðum höndum Halldórs Hallgrímssonar. Karlasveit GL í sveitakeppni GSÍ náði frábærum árangri í 1. deild sem spiluð var á Garðavelli og endaði keppni í 5. sæti. Ekki tókst að manna kvennasveit GL til þátttöku í 1. deild.

Afreksmálum er gerð frekari skil í hjálagaðri skýrslu.

Starf eldri kylfinga

Karlasveit öldunga 55 ára og eldri lék á Hólmsvelli. Sveitin lék í c-riðil og hafnaði í 10. sæti af 14. sveitum sem tóku þátt í sveitakeppninni. Sveitina skipuðu: Reynir Þorsteinsson liðsstjóri, Alfreð Viktorsson, Guðmundur Valdimarsson, Karl S. Þórðarson, Þórður Elíasson, Óskar Kristófersson og Gísli S Einarsson.

Félagafjöldi og nýliðastarf

Félagsmönnum í GL fækkaði úr 423 í 339 á árinu. Þessa fækkun má að hluta skýra með breyttum árgjöldum GL en felld var niður fjaraðild og léttaðild sem gerði það að verkum að 25 félagar í GL utan póstr. 300 hættu í klúbbum árið 2008.

Á árinu 2008 voru 96 kylfingar 20 ára og yngri í GL. Alls voru 40 nýskráningar á árinu, 12 börn/unglingar og 28 fullorðnir. Þá skráðu 124 félagsmenn sig úr GL á árinu, 56 börn/unglingar og 68 fullorðinn.

Mótahald

Mótahald GL var með svipuðu sniði og síðastliðið ár nema hvað opin mót færðust yfir á GR að mestu leyti sem hluti af samstarfssamningi milli klúbba. Haldin voru hefðbundin innanfélagsmót, s.s. miðvikudagsmót og kvennamót. Kaupþingsmótaröðin var spiluð á Garðavelli fyrstu helgina í júní og tókst vel til.

Mót:	Fj. 2008	Fj.2007	Fj.2006
Innanfélagsmót	26	25	23
Opin mót	1	13	11
GSÍ mót	2	2	3
Alls fjöldi móta	29	40	37
Útleigur	0	34	50

Að meðaltali voru um 28 kylfingar í hverju innanfélagsmóti GL.

Meistaramót GL var haldið 9. – 12. júlí í ágætu veðri til að byrja með sem endaði síðan í aftaka veðri á laugardeginum. Alls tóku 104 keppendur þátt í mótinu. Klúbbmeistarar urðu eftirtaldir:

Meistaraflokkur kvenna:	Valdís Þóra Jónsdóttir
1. flokkur kvenna:	Guðrún Ellen Ólafsdóttir
Öldungaflokkur kvenna 50+:	Guðrún Guðmundsdóttir
Meistaraflokkur karla:	Willy Blumenstein
	Valdimarsson
1. flokkur karla:	Alexander Högnason
2. flokkur karla:	Heimir Fannar Gunnlaugsson
3. flokkur karla:	Sigurður Karl Ragnarsson
4. flokkur karla:	Daníel Friðrik Haraldsson
Öldungaflokkur karla 55+:	Alfreð Viktorsson
Piltaflokkur 16-18 ára:	Bjarki Þór Jóhannsson
Strákaflokkur 14-15 ára:	Alexander Egill
	Guðmundsson
Drengjaflokkur 13 ára og yngri:	Sindri Snær Alfreðsson

Framkvæmdir árinu 2008

Með samstarfssamningi við Golfklúbb Reykjavíkur urðu til tækifæri til nýrra framkvæmda og endurbóta á Garðavelli. Golfklúbburinn Leynir ákvað að skuldbinda 5 milljónir króna til framkvæmda á hverju ári samningsins og jafnframt skildi GR á móti leggja til starfsmenn til að vinn að verkefnum á vellinum sem nemur 8 mannmánuðum ár hvert.

Til þess að skapa þessum framkvæmdum farveg var Vallarnefnd endurreist frá fyrri tíð, en störf nefndarinnar hafa verið mjög takmörkuð með litlu fjármagni undanfarin ár. Til nefndarstarfa fengust Hannes Þorsteinsson, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, Kristján Kristjánsson, Alfreð Viktorsson, sem á starfsárinu skipti sjálfum sér út fyrir yngri útgáfu af sjálfum sér, Alfreð Þór Alfreðssyni. Auk þeirra starfaði Hörður Kári Jóhannesson sem fulltrúi stjórnar GL með nefndinni.

Mjög vel var staðið að þeim verkefnum sem nefndin tók að sér, en einkar mikilvægt er að starf nefndarinnar sé sjálfstætt og óháð stjórn GL.

Hjálögð er ítarleg skýrsla Vallarnefndar, sem á þakkir skildar fyrir vel unnin störf á árinu 2008.

Rekstur Golfklúbbsins Leynis árið 2008

Rekstrarniðurstaða

Við gerð rekstraráætlunar fyrir árið 2008 var stuðst við töluvert nýjar forsendur frá fyrra ári þar sem öll vinna við Garðavöll, stærsta einstaka kostnaðarþátt í starfsemi klúbbsins, var komin í hendur samstarfsaðilans GR. Auk þess lá ekki fyrir hvernig tekjuliðum klúbbsins myndi reiða af en reynt var að gera sér í hugarlund hver áhrifin yrðu, þar sem óreglulegar tekjur urðu nánast engar.

Í grundvallar atriðum má segja að rekstur klúbbsins hafi gengið mjög vel. Tekjur árið 2008 voru 27,6 milljónir eða um 5 milljónum yfir áætlun. Gjöldin voru 22,8 milljónir eða um 4 milljónum yfir áætlun. Rekstrarhagnaður ársins var því 4,8 milljónir sem má teljast vel viðunandi. Mjög margt jákvætt má lesa út úr ársreikningi klúbbsins, sem verða gerð frekari skil í framsögu gjaldkera klúbbsins.

Það sem verður aftur á móti að teljast vægast sagt áhyggjuefni er að skuldir klúbbsins hafa vaxið úr 25,5 milljónum árið 2007 í tæplega 55 milljónir þegar þessi skýrsla er að fæðast. Þetta er að sjálfsögðu graf alvarlegt mál og í raun óásættanlegt. Stjórn GL tók þá ákvörðun í samráði við viðskiptabanka klúbbsins að breyta þáverandi lánum í erlend myntkörfulán og þótt það mjög hagstætt þar sem afborganir voru að sliga klúbbinn. Þetta var kynnt sérstaklega í skýrslu formanns á síðasta aðalfundi GL.

Á síðasta aðalfundi kynnti stjórnin einnig fyrirhugaðar niðurgreiðslur á lánum sem nam 8 milljónum. Þetta stóð til en forsendur eru gjörbreyttar. Í dag eru Stjórn GL að reyna að semja við viðskiptabankann að þurfa ekki að greiða af lánum þar til seinna á árinu 2009. Þetta gerir stöðuna bærillegri á meðan efnahagsástandið á Íslandi kemst vonandi í eðlilegt horf. Ef ekki þá eru staða klúbbsins grafalvarleg og eins má geta sér til um stöðu annarra íþróttafélaga í svipaðri stöðu. Þess ber þó að geta að árið 2007 lækkaði

fjármagnskostnaður í kjölfar þessara breytinga á lánum klúbbsins og kemur það fram í reikningum síðasta árs.

Í lok sumars átti GL um 10 milljónir króna inn á peningamarkaðsbréfum hjá Landsbanka Íslands, sem þótti „öruggasta“ fjárfestingin til styttri tíma lítið. Við fall Landsbankans tapaðist um 2,5 milljónir af þessari upphæð og verður þar við setið að sinni.

Hvað varðar rekstraráætlanir fyrir árið 2008 þá gera áætlanir ráð fyrir eðlilegum fjármagnsgjöldum.

Niðurstaða ársins er því 30 milljónir króna tap að teknu tilliti til fjármagnsgjalda.

Starfsmannamál

Starfsmannahaldi GL var með allra minnsta móti þar sem samstarfssamningur við Golfklúbb Reykjavíkur gerir það að verkum að starfsmannahald í tengslum við völlinn sem og afgreiðslu í skála er í höndum GR.

Starfsmenn GL voru 2, það er Gylfi Sigurðsson framkvæmdastjóri og Karl Ómar Karlsson Íþróttastjóri GL og golfkennari. Gylfi var ráðinn framkvæmdastjóri GL á vormánuðum eftir brotthvarf Brynjars í byrjun árs. Gylfi hafði áður sinnt sama starfi hjá Golfklúbbi Ísafjarðar og er öllum hnútum kunnugur í rekstri golfklúbba. Stjórn GL vill þakka Gylfa fyrir gott samstarf á hans fyrsta starfsári sem framkvæmdastjóri GL, en það var ekki auðvelt í ljósi breytts rekstrarumhverfis.

Karl Ómar vann ötullega að barna og unglingastörfum fyrir klúbbinn, auk þess sem hann sinnti nýliðakennslu og hélt utan um afrekskylfinga GL. Mikil gróska er í þessu starfi innan GL og hefur mikið verið fundað um nýja stefnumótun í barna og unglingamálum sem kynnt verður frekar á þessum aðalfundi.

Veitingasala

María Nolan sá alfarið um veitingarekstur við Garðavöll árið 2008 en að þessu sinni í samstarfi við GR.

Samningar við aðra golfklúbba

Stjórn GL ákvað að gera samning við Golfklúbb Borgarness og Golfklúbb Þorlákshafnar um ódýrara spil fyrir félagi í GL sumarið 2008. Gerður var góður rómur af samningum við GB enda fyrirtaks aðstaða í Borgarnesi og öll umgjörð til fyrirmyndar. Aftur á móti nýttu meðlimir GL nánast ekkert samning við Golfklúbb Þorlákshafnar.

Þá var hluti af samkomulagi milli GR og GL að meðlimir í GL fengu að spila sem nemur 150 hringjum í Grafarholti og 150 hringi á Korpúlfsstöðum. Eingöngu 150 hringir samtals voru nýttir af GL-ingum.

Umferð um Garðavöll.

Garðavöllur skartaði sínu fegursta í sumar og var mjög gaman að spila völlinn og á Róbert vallarstjóri miklar þakkir skyldar fyrir sitt framlag til vallarins í sumar.

Nýtt met var slegið í spiluðum hringjum á Garðavelli sumarið 2008 eða 17.231 hringur Þar af spiluðu GL-ingar 6.550 hringi, GR-ingar 5.700 hringi og aðrir um 5.000 hringi.

Fjöldi spilaðra hringja á Garðavelli undanfarin sumur:

2003: 14.600 hringir 2004: 12.100 hringir 2005: 15.500 hringir 2006: 16.000 hringir 2007: 12.000 hringir 2008: 17.231 hringir

Samskipti við Akraneskaupstað

Samstarf við Akraneskaupstað er mjög mikilvægt Golfklúbbum Leyni og styður kaupstaðurinn dyggilega við bakið á klúbbum. Rekstrarsamningur við GL var endurnýjaður á árinu, en engar breytingar voru gerðar á núverandi samningi. Í gildi er samningur milli GL og Akraneskaupstað um framkvæmdir á vellinum sem nær fram á árið 2009. Það er því verkefni nýrrar stjórnar að vinna í nýjum samningi við Akraneskaupstað. Þá hafa nokkrir fundir verið haldnir um nýja vélaskemmur fyrir Golfklúbbinn Leyni en ekkert er ákveðið í þeim málum og setur ástandið í þjóðfélaginu sitt strik í reikninginn.

Styrktaraðilar

Styrktaraðilar Golfklúbbsins Leynis eru nú styrktaraðilar barna og unglingastarfs klúbbsins. Þessir aðilar eru meðal annars Trésmiðja Snorra Hjartarsonar, Sjóvá, Glitnir, BM Vallá, Norðurál, Omnis, Húsasmiðjan og Bónus.

Markaðsmál

Mjög lítið var unnið í beinni markaðssetningu á GL þetta árið.

Ný brautarskilti voru sett sem fjárfest hafði verið í á starfsárinu 2007. Skiltin eru mikil breyting á öllu umhverfi vallarins og mikill sómi af.

Minning um góða félagi

Að lokum vill stjórn GL minnast tveggja látinna félagi.

Guðrúnar J. Geirdal eða Gógó eins og hún var alltaf kölluð lést 97 ára að aldri. Gógó var heiðursfélagi í Golfklúbbum Leyni frá því 1992, en hún vann vann mikið og gott starf fyrir klúbbinn ásamt eiginmanni sínum Óðni Geirdal, einum af stofnendum GL. Hún tók virkan þátt í kvennastarfi klúbbsins og nú síðari ár þúttstarfi eldri borgara.

Gunnlaugur Magnússon, eða Gulli Magg, lést 87 ára að aldri. Gulli hóf golfiðkun seint en verður ávalt ógleymanlegur þeim sem honum kynntust á golfvöllum. Frá honum geislaði gleði og áhugi sem smitaði út frá sér.

Gunnar Júlíusson, eða Gunni Júl lést á 80 aldursári. Gunni gekk í Leyni á fyrstu árum klúbbsins á 7. áratug liðinnar aldar og náði snemma góðum tókum á golfíþróttinni. Gunnar var fyrsti Íslandsmeistari Leynis þegar hann varð Öldungameistari Íslands árið 1985. Gunnar var glaðværmður sem hafði gaman af því að fræða aðra um málefni golfheimsins sem hann mikinn áhuga og þekkingu á.

Lokaorð

Árið 2008 skrátið ár í sögu klúbbsins. Það er margs góðs að minnast og hefur flestu verð gerð skil í þessari skýrslu. En sennilega verður ársins minnst fyrir þær miklu skuldir sem klúbburinn er kominn í. Golfsumarið var frábært og fengum við að spila golf á Akranesi við kjöraðstæður. Meistaramótið tóks mjög vel að vanda og strákarnir okkar

stóðu sig vel í Sveitakeppni GSÍ. Valdís Þóra átti sitt besta tímabili og mun stjarna hennar skína skært á næstu árum, það er engin spurning. Það er hennar verkefni að vinna úr þeim hæfileikum sem hún býr yfir. Samstarfið við GR gekk í alla staði vel og vonandi verður það ræktað af sömu virðingu á næstu árum og gert var þetta fyrsta ár. Að lokum skal þakkað öllum þeim sem lögðu fram krafta sína í tengslum við starf okkar á þessu ári sem og á undanförunum árum. Stjórn GL þakkar starfsfólki sumarsins gott starf og styrktaraðilum fyrir sýndan stuðning á rekstrarárinu 2008.

*Heimir Fannar Gunnlaugsson,
formaður GL*



Skýrsla barna- og unglinganefndar GL golfárið 2008

Í GL eru börn og unglingar 18 ára og yngri um 30% klúbbfélaga. Vetraræfingar hafa verið fyrir börn og unglinga, stelpur og stráka, 18 ára og yngri 1 til 3 sinnum í viku frá því í janúar í ár með hléum. Sífellt fleiri stelpur velja það að æfa golf og er það vel.

Inniæfingar fóru fram á Jaðarsbökkum, á Vesturgötunni eða í Akraneshöllinni. Útiæfingar fóru fram á æfingasvæði og golfvelli GL frá 1. maí til októberloka. Um páskana var farið í æfingaferð til Novo Sancti Petri á Cadiz á Spáni. 18 kylfingar 20 ára og yngri auk þjálfara og fararstjóra fóru þessa ferð.

Í sumar voru æfingar 3-4 sinnum í viku auk þess sem að TSH mótarið fór fram. Við vorum svo heppin að fá glæsilegan styrk til þriggja ára til að halda þessa mótarið fyrir alla krakka í GL. Það er Trésmiðja Snorra Hjaltasonar sem styrkir barna- og unglingastarf GL svona veglega. Í sumar var farið í „Eitthvað óvænt ferð“ fyrir alla krakka sem æfa golf hjá GL. Um 60 krakkar fóru í rútu út í óvissuna. Keyrt var til Golfklúbbs Bakkakots og leikið þar golf á einum fallegasta degi sumarsins. Einnig var farið í ýmsa leiki og endað í sundferð í Mosfellsbæ. Olympíugolfleikar KÓK voru haldnir í október auk þess sem að uppskeruhátíð fyrir sumarið var haldið. Veitt voru verðlaun fyrir bestu mætinguna og voru Ingileif Egilsdóttir og Friðrik Berg Sigþórsson sem fengu þau verðlaun. Elís Rúnar Elísson fékk verðlaun fyrir góða hegðun og fyrirmynd úti á velli og sem og á æfingum.

Um 60 krakkar 15 ára og yngri tóku þátt í uppskeruhátíðinni. Allir fengu verðlaun, auk þess sem boðið var upp á gos og pylsur. Inniæfingar hófust síðan í byrjun október og stóðu til 17. des.. Yfir 50 krakkar hafa skráð sig á inniæfingar. Æfingar verða einu sinni í viku fram á vorið.

GSÍ mót

GL sendi 8 til 15 unglinga í opin mót á vegum GSÍ í sumar.

Alexander Egill Guðmundsson náði bestum árangri með því að lenda í 19. sæti á heildarstöðulista GSÍ í 15-16 ára

flokki. Í flokki 12 ára og yngri voru þeir Friðrik Berg og Elís Rúnar GL til sóma með því að standa sig mjög vel á GSÍ mótunum. GL sendi tvær sveitir í sveitakeppni unglinga 16 ára og yngri á Flúðir. Eftir högggleikinn var A sveitin í þriðja sæti og endaði síðan í 7. sæti af 20 sveitum. B sveitin endaði í 16. sæti. Ekki náðist í sveit GL fyrir 17 til 18 ára. Fyrir komandi golfár er nauðsynlegt að halda áfram að hlúa vel að starfinu. Það er alltaf hægt að gera betur. Í lokin langar mig til að þakka öllum þeim sem að starfinu koma, krökkunum og unglingunum og foreldrum þeirra, framkvæmdarstjóra og stjórn GL, barna- og unglinganefnd GL, fararstjórum og liðsstjórum. Einnig vil ég þakka þeim fyrirtækum sem styrkja barna- og unglingastarf GL

Kveðja, Karl Ómar Karlsson

Skýrsla Afreksnefndar 2008

Starf afreksnefndar á liðnu ári var að vanda með hefðbundnu sniði.

Karl Ómar Karlsson sá um æfingar og þjálfun kylfinganna á liðnu ári og var þeim innan handar með tækni og styrktaræfingar. Kylfingar GL sem tóku þátt í stigamótum GSÍ voru 7 karlar og 1 kona. Hæst ber að nefna áragur Valdísar Þóru Jónsdóttur sem endaði í 4. sæti á stigalista GSÍ auk þess sigraði hún í síðasta stigamótinu sem haldið var á Urriðavelli. Valdís sigraði einnig Faldo Series (undir 21 árs) sem haldið var á Garðavelli og náði þeim frábæra árangri að vera með besta skor af öllum keppendum í mótinu og hljóta í vinning ferð til Brasilíu á lokamót Faldo Series Final. Á þessu móti sem fram fór um síðustu mánaðarmót, vann Valdís sér inn þátttökurétt á einu móti á Evrópumótarið kvenna á næsta ári með því að vera á besta skori stúlkna í mótinu. Valdís Þóra hefur á árinu farið í margar ferðir með landsliði GSÍ og þess má geta að hún sigraði með yfirburðum á Amateur Ladies Open sem haldið var á Kypur í apríl.

Stefán Orri Ólafsson var efstur á stigalista GSÍ hjá körlunum og hafnaði í 30 sæti og var duglegastur karlanna að sækja GSÍ mótin. Að þessu sinni náðist ekki að manna

sveit í deildarkeppni kvenna, en undanfarin ár hefur lið GL leikið í 1 deild með góðum árangri.

Karlasveitin lék á heimavelli og endaði í 5. sæti og var aðeins einum vinningi frá því að spila um efstu fjögur sætin. Árangur sveitarinnar var mjög viðunandi og hélt sæti sínu í 1 deild. Þess má geta að tveir leikmenn sveitarinnar búa í Lúxemborg og hafa lagt mikið á sig til að spilað fyrir GL og er stuðningur þeirra við GL ómetanlegur. Þá má einnig geta þess að öðrum ólöstuðum þá spilaði Helgi Dan Steinsson best allra leikmanna GL og sigraði alla leiki sína mjög sannfærandi. Helgi hefur verið búsettur í Keflavík undanfarin ár en haldið tryggð við sitt gamla félag og spilað undir merkjum GL nær óslitið og eru honum færðar bestu þakkir fyrir. Tveir aðrir spilarar GL þeir Stefán Orri og Willy eru búsettir í Reykjavík en hafa spilað fyrir GL undanfarin ár. Eru piltunum færðar bestu þakkir fyrir tryggð við sitt gamla félag.

Karlasveitin var þannig skipuð:

Björn Knútsson

Helgi Dan Steinsson

Hróðmar Halldórsson

Kristján Kristjánsson

Kristvin Bjarnason

Stefán Orri Ólafsson

Þórður Emil Ólafsson

Willy Blumenstein

Halldór Hallgrímsson liðstjóri.

Guðmundur Egill Ragnarsson og Jóhann Þór Sigurðsson lögðu á sig ómælda vinnu til að styðja við bakið á liðinu alla keppnisdaganna og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir frá kylfingum og afreksnefnd. Afreksmenn stóðu að vanda að fjárföflun fyrir sveitirnar og héldu Fyrirtækjamót Kjarans í júlí sem haldið var í blíðskapar veðri og heppnaðist frábærlega að vanda. Undirritaður vill koma á framfæri bestu þökkum til allra sem tóku þátt í starfi nefndarinnar, styrktaraðilum, stjórn og starfsfólki GL, Kalla golfkennara og að sjálfsögðu afrekskylfingunum sjálfum.

Halldór Hallgrímsson, form. Afreksnefndar GL 2008

Skýrsla Kvennanefndar

Kvennanefnd árið 2008 skipuðu Ellen Ólafsdóttir, Elín Rós Sveinsdóttir, Ingunn Ríkhardsdóttir og María Nolan.

Undirbúningur kvennanefndar fyrir sumarstarfið hófst snemma vors. Haldnir voru nokkrir fundir og drög lögð að helstu verkefnum sumarsins. Eins og hin síðari ár var helsta verkefni kvennanefndar að efla kvennagolf á Akranesi og reyna að fá fleiri konur til liðs við klúbbinn.

Fyrsta verkefni kvennanefndar var útgáfa fréttabréfs sem sent var öllum GL konum. Að þessu sinni ákvað kvennanefnd að senda fréttabréfin í formi tölvupósts, sem mældist misvel fyrir.

Vorfundurinn eða kaffihúsakvöld er orðin árlegt og skipar sess í golflífi GL kvenna. Þar voru verkefni sumarsins kynnt, golfnámskeið, helstu kvennamót, innanfélagsmót og stefna kvennanefndar. Aðalbreyting kvennagolfsins sem jafnframt var kynnt var sú að ekki var hægt að taka frá

kvennatímanna líkt og önnur sumur. Fundurinn var haldinn á Skrúðgarðinum, var hann ágætlega sótt.

Kvennagolf fyrir GL-konur var á þriðjudögum eins og verið hefur síðustu árin. Te og Kaffi-mótaröðin er orðin hluti af golfmenningu golfkvenna á Akranesi, einstaklega jákvætt að hafa, þótt ekki stórt sé, einhvern fastan punkt í tilveru golfkvenna. Lagðist kvennanefndin á eitt og sá um að halda utan um þriðjudagsgolfið. Mjög góð þátttaka var í mótaröðinni eða að jafnaði 10-15 konur í hvert sinn. Röðin var komin að Grundafirði að sjá um Vesturlandsmótið. Nokkrar GL konur fóru og var ferðin mjög vel heppnuð og skemmtilegt í alla staði. GL konur héldu að venju upp á kvenréttindadaginn þann 19. júní og spiluðu saman golf og þáðu veitingar í golfskála á eftir. Þessi hefð hefur haldist í a.m.k. 20 ár og hefur mottó GL kvenna þennan dag ætíð verið: að hittast, spila saman golf og fá sér eitthvað gott í gogginn.

Hið árlega Opna Helena Rubinstein mótið tókst með eindæmum vel. Góð þátttaka var í mótinu, milli 70-80 konur og glæsileg verðlaun að vanda. Kvennanefnd GL stjórnaði mótinu með glæsibrag. Golfsystur okkar frá öðrum landshlutum upplifðu Garðavöll á frábæran hátt og áttu mjög góðan dag í blíðunni á Skaganum. Meiriháttar dagur.

Því miður náðist ekki að setja saman sveit fyrir Sveitakeppni 2008. Verðum við að leggjast yfir þá stöðu og reyna að finna lausn á því máli. Kvennasveitin mun því keppa að ári í 2.deild.

Virkum konum hefur fjölgað nokkuð í GL nú síðustu árin. Kvennastarfið miðar að því að styrkja og efla konur í golfi og auka kynni á meðal þeirra. Því er það áhyggjuefni og mikil vonbrigði að ekki hefur tekist að fá konur til þess að taka við kvennastarfinu þar sem hluti nefndarinnar sér ekki fram á að geta haldið áfram störfum fyrir kvennanefndarinnar. Því er óljóst þegar þessi skýrsla er skrifuð með hvaða hætt kvennastarfið verður árið 2009.

F.h. kvennanefndar GL 2008, María Guðrún Nolan

Skýrsla Vallarnefndar

Vallarnefnd Golfklúbbsins Leynis fyrir starfsárið 2008 var að loknum aðalfundi 2007 skipuð eftirtöldum Leynismönnum:

Formaður: Hannes Þorsteinsson. Aðrir nefndarmenn: Hörður Kári Jóhannesson, fulltrúi stjórnar GL, Kristján Kristjánsson og Alfreð Viktorsson. Alfreð Þór Alfreðsson kom í hans stað fyrir mitt sumar.

Strax og samningur Golfklúbbsins Leynis og Golfklúbbs Reykjavíkur um afnotarétt og rekstur Garðavallar lág fyrir var ljóst að brýn þörf var á að skilgreina nákvæmlega hlutverk, verkswið og skyldur hvors aðila vegna viðhalds og frekari uppbyggingar Garðavallar. Á fundi fulltrúa beggja aðila í upphafi árs var þetta gert. Vallarnefnd hittist á nokkrum fundum í upphafi vors til að skilgreina verkefni sem vinna skildi að við endurnýjun vallarhluta og nýbyggingar samkvæmt samningi klúbbanna. Útbúinn var verkefnalisti fyrir vorverkefni á vellinum og hann lagður fyrir stjórn til samþykktar.

Verkefni voru unnið samkvæmt listanum, nema frestað

var gerð rauðs teigs á 2. braut vegna óvissu um legu vegar að vatnsveituhúsi og endurnýjun stofnæðar kaldavatnskerfis bæjarins, en fyrir var ágætur rauður teigur sem ákveðið var nota áfram um sinn. Í framhaldi af frágangi svæðisins við 1. teig og stígagerð þar, var sett nýtt malarlag yfir svæðið milli klúbbhúss og skemmu og allt svæðið snyrt eins og kostur var. Auk upptalinna verkefna voru settar upp undirstöður fyrir ný teigskilti (höfðu verið útbúin árið 2007) og þau sett upp. Kúluþvottavélar voru settar upp á nokkrum stöðum og ruslatunnum fjölgað. Viðhaldsverkefni sem voru orðin aðkallandi voru nokkur. Allar sandgryfjur vallarins voru yfirfarnar og kanntskornar og sandur endurnýjaður. Mikil þörf var orðin fyrir þessa endurnýjun sem sést af sandmagninu sem fór í gryfjurnar. Ýmsar smálagfæringar, s.s. holuviðgerðir á brautum fóru fram. Þá var sett nýtt og finna slitlag á flesta af innri stígum vallarins. Vallarstjóri greinir í sinni skýrslu nánar frá öðrum viðhaldsverkum á vellinum.

Í haust var unninn verkefnalisti yfir verkefni sem æskilegt væri að vinna að til undirbúnings næsta starfsárs Garðavallar, sjá fylgiskjal 3. Nú þegar skýrslan er skrifuð undir lok nóvembermánaðar 2008 standa enn yfir framkvæmdir. Unnið er í teigagerð á 3. og 8. braut, en að auki ver ákveðið að lagfæra útlit og stækka nýtanlegan slitflöt guls og hvíts teigs á 13. braut og gera nýjan hvítan teig á 12. braut. Þá er unnið að endurmótun sandgryfja við 8. flöt. Fyrir liggur hönnun nýrrar 4. flatar og nánasta svæðis hennar, en útsetning á staðnum hefur ekki enn farið fram. Gert er ráð fyrir að hafist verði handa við jarðvegsvinnu á svæðinu ef efnahagsaðstæður leyfa.

Fyrri hluta starfsárs vallarnefndar var unnið í skilgreiningu á rýmisþörf í fyrirhuguðu vélahúsi og starfsmannaaðstöðu Garðavallar, ásamt tillögu að staðsetningu aðstöðunnar á vallarsvæðinu. Fyrrverandi vallarstjóri á Garðavelli, Aðalsteinn Ingólfsson og Bjarni Þór Hannesson sáu um þarfagreininguna hvað varðaði stærð og fyrirkomulag rýmis í samvinnu við Róbert Halldórsson vallarstjóra GR á Garðavelli og lögðu þeir fram málsetta teikningu. Vallarnefnd kannaði einnig hjá nokkrum aðilum sem selja hús hvaða möguleikar gætu hentað klúbbnum. Upplýsingum var komið til stjórna þar sem ákvörðunarvald varðandi húsbygginguna liggur. Vallarnefnd lagði áherslu á að ef og þegar farið væri í endanlega hönnun væri farið í sem flestum atriðum eftir þarfagreiningu vallarstjóranna, enda eru þeir með mikla reynslu af slíkri aðstöðu hérlendis og erlendis og hafa bestu þekkingu sem völ er á í þeim efnum. Vallarnefnd fjallaði einnig nokkuð um staðsetningu fyrirhugaðrar hótélbyggingar í jaðri vallarins og hvernig aðlagð mætti völinn að breyttri staðsetningu klúbbaðstöðu og veitingasölu, ef af byggingunni yrði. Öll hönnun á nýframkvæmdum og breytingar á eldri vallarhlutum var unnin af Hannesi Þorsteinssyni hönnuði Garðavallar og í fullri samvinnu við vallarstjóra. Að lokum vill vallarnefnd þakka Róberti Halldórssyni og starfsmönnum hans fyrir gott og farsælt samstarf á starfsárinu.

Hannes Þorsteinsson, form. vallarnefndar GL

Hestamannafélagið Dreyri

Stjórn hestamannafélagsins, s.l. starfsár:

Formaður:	Ólöf H. Samúelsdóttir
Varaformaður:	Ása Hólmarsdóttir
Ritari:	Guðbjartur Þ. Stefánsson
Gjaldkeri:	Valdís I. Valgarðsdóttir
Meðstjórnandi:	Helena Bergström

Félagsmenn í hestamannafélaginu Dreyra eru 193 talsins.

Eins og félagsmenn vita urðu formannaskipti á síðasta aðalfundi, Dóra Línal hætti og eru henni færðar bestu þakkir fyrir sín störf. Einnig gekk Sigurður Jónsson úr stjórn, eru honum sömuleiðis þökkuð hans störf, í hans stað kom Ása Hólmarsdóttir.

Stjórnin fundaði 10 sinnum formlega en þar fyrir utan var fjöldi funda haldinn í gegnum tölvu og síma. Nokkrir fundir voru haldnir með nefndum félagsins vegna ýmissa mála.

Strax í upphafi var ákveðið að óska eftir því við formenn nefnda að skila til stjórna nokkurskonar gátlista yfir störf sín ásamt framtíðaráætlunum. Hugsunin að baki er sú að störf nefnda og stjórna geti gengið mann fram af manni þannig að nýir aðilar viti nokkurn veginn hvað þarf að gera. Er þetta hugsað til að létta fólki störfin. Nokkrar nefndir brugðust skjótt við, t.d. mótanefnd, beitarnefnd, o.fl. en enn vantar frá nokkrum nefndum.

Mörg mál komu inn á borð stjórna á starfsárinu, má þar nefna hækkun fasteignagjalda á hesthúsum, lausaganga hunda í hverfinu, landsvæði við Miðvogslækinn sem bærinn úthlutaði fyrir Paint ball, reiðvegamál, reiðgerðamál, félagsheimilið, mót félagsins, tilnefning íþróttamanns ársins, fjáröflunaráætlanir, greinaskrif í blöð, umgengni í hesthúshverfinu, tiltekt á svæðinu, umsókn um styrk v. afmælismyndadisks, ýmsar aðrar styrkumsóknir, keppnisvellir á svæðinu og margt, margt fleira sem stjórn og nefndir reyndu að leysa úr eins og hægt var. Starfssemi félagsins var að mestu leyti með hefðbundnu sniði. Rétt er þó að geta mikillar afmælishátíðar sem haldin var 29. desember 2007 í tilefni 60 ára afmælis Dreyra. Veislan var haldin í félagsheimilinu í Æðarodda. Fjölmenni var og skemmtun hin besta. Einnig var úrtökumót Dreyra fyrir landsmót 2008 haldið að Mið-Fossum í samstarfi



við hestamannafélögin á Vesturlandi, þ.e. Faxa, Glað, Snæfelling og Skugga.

Mótahald var eins og undanfarin ár, vetrarleikar, firmakeppni og Glitnismót ásamt landsmóti og er rétt að geta þess að knapar frá Dreyra stóðu sig með mikilli þrýði á mótum ársins og unnu til alls kyns verðlauna. Er þeim öllum óskað innilega til hamingju með það.

Haldið var kaffisamsæti þar sem bikarar frá firmakeppninni voru afhentir þeim fyrirtækjum sem þá unnu og einnig var haldið smá teiti fyrir þá sem lögðu fram mikla og ómetanlega vinnu á Glitnismótinu sem hefur aldrei verið umfangsmeira og sennilega aldrei haldið í eins slæmu veðri og nú sem gerði vallarsvæðið að forarpytti. Það þarfnast virkilega lagfæringa og er stjórn að vinna í þeim málum. Mjög brýnt er að viðhalda þeim íþróttamannvirkjum (keppnisvöllum) sem á svæðinu eru til að geta haldið hér mót og þar með uppfyllt eina af skyldum félagsins og á sama tíma aflað fjár fyrir félagið. Stjórn og mótanefnd vill líka koma á framfæri þökkum til þeirra sem lánuðu hús sín undir hesta keppenda, í því felst mikil greiðasemi og fórnfýsi. Of langt mál er að telja upp alla þá verðlaunaknapa og hesta sem félagið átti á s.l. sumri en vísað til samantektar um úrslit á mótum sumarsins sem hér liggur frammi. Glitnir sem verið hefur aðalstyrktaraðili Glitnismótsins undanfarin ár varð, (eins og margir aðrir), að rífa seglin og því lækkaði upphæðin frá bankanum umtalsvert þetta árið.

Ákveðið var að kaupa ný húsgögn í félagsheimilið og selja þau gömlu á vægu verði til félagsmanna.

Fjárafánir voru með ýmsu móti, leitað var til Akranesskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar eftir styrk til félagsins í tilefni 60 ára afmælisins. Akranesskaupstaður gaf 500.000 og Hvalfjarðarsveit 300.000 og færum við þeim bestu þakkir fyrir. Þessir peningar voru notaðir í húsgagnakaupin. Firmakeppnin er einnig mikilvæg í fjáröflun fyrir félagið og vill stjórnin þakka öllum þeim sem þar lögðu hönd á plóg.

Einnig voru haldnir tveir kökubasarar sem gengu mjög vel og kunnum við þeim sem lögðu til kræsingarnar bestu þakkar fyrir.

Ýmislegt annað er vert að nefna úr starfsemi félagsins:



Á afmælishátíð Dreyra sem haldin var þann 29. des. 2007 voru þrír félagar í Dreyra gerðir að heiðursfélögum, þetta eru: Björn Jónsson, Fríða Þorsteinsdóttir og Sigurður Björnsson. Þeim er þakkað fyrir mikið og óeingingjarnt starf í þágu félagsins í gegnum tíðina.

Í mars síðastliðnum átti hestamannafélagið Glaður 80 ára afmæli. Formaður Dreyra og varaformaður mættu á þann fagnað með afmælisgjöf og ræðu og var þar hin besta skemmtun.

S.l. vetur bauð Bjargey Magnúsdóttir upp á útreiðatúra fyrir/með konur í félaginu. Farið var frá félagsheimilinu á miðvikudögum klukkan 18:00. Ekki reyndist mikill áhugi fyrir þessu en Bjargeyju eru færðar þakkar fyrir framtakið og kannski verður annað upp á teningnum næsta vetur. Hefðbundin Langasandsreið með heimsókn á dvalarheimilið Höfða var í vor og tókst með ágætum. Góð þátttaka og fjör.

Í sumar fengum við í heimsókn hóp frá hestamannafélaginu Faki sem fór í útreiðatúr með okkar fólki. Að ferð lokinni var borðað saman í félagsheimilinu og skemmt sér fram eftir degi. Allir voru mjög ánægðir með þessa ferð og sérstakt lof borið á skipuleggjanda og stjórnanda dagsins Jón Sólmundsson. Fákisfélagar lýstu mikilli aðdáun á svæðinu okkar og þeim reiðleiðum sem hér eru. Eru Jóni og hans fólki færðar þakkar fyrir undirbúning og móttöku þessa hóps. Í sumar var farin Kvinnareid sem tókst vel í alla staði. Þeim sem að stóðu eru færðar kærar þakkar fyrir sem og þeim sem tóku á móti konum og hestum og veittu vel. Félagsfundur var haldinn þann 10. sept. 2008. Tilefnið var kosning fulltrúa á þing L.H. sem haldið var 24. og 25. okt. 2008. Félagið mátti senda þrjá fulltrúa. Kosnir voru: Ólöf H. Samúelsdóttir, formaður, Ása Hólmarsdóttir varaformaður og Sigurður Ólafsson formaður mótanefndar. Ólöf hætti síðan við að fara vegna mikils kostnaðar við ferðina sem félagið þarf að standa undir.

Nokkur umræða hefur verið um félagsheimilið. Núna eru komin fín húsgögn, eldhúsið er verið að bæta smátt og smátt og fleira gott mætti týna til en betur má ef duga skal. Ákveðið hefur verið að kaupa brunavarnarkerfi í húsið en einnig þyrfti að mála að innan og eitt og annað smálegt þarf að endurnýja. Æskulýðsstarf félagsins gengur vel og er stöðugt í sókn. Þeir aðilar sem að því standa eiga miklar þakkar skildar og ber þar helst að nefna Ásu Hólmarsdóttur og Helenu Bergström. Eins og fram kom hér að framan var þing L.H. haldið í lok október á Kirkjubæjarklaustri, fulltrúar okkar munu segja frá því hér á eftir en einnig er búið að setja útdrátt á heimasíðu félagsins sem og á heimasíðu Landssambands hestamanna, lhhestar.is Umræður og athugasemdir hafa verið í gangi varðandi félagsbúninginn og þurfum við að skoða þau mál betur, hvort og þá hvaða breytinga er þörf. Stefnt er á áframhaldandi samstarf við hestamannafélögin á Vesturlandi og ýmislegt til umræðu í því sambandi. Lítið hefur farið fyrir umræðum um reiðskemmu en það mun verða ofarlega á dagskrá stjórnar ásamt reiðvegagerð á næsta starfsári.

Að lokum:

Þótt margt sé hér týnt til af starfi hestamannafélagsins þá er listinn yfir verkefni þess hvergi nærri tæmdur. Öll sú vinna sem að baki liggur væri ekki möguleg nema fyrir velvilja félagsmanna, framlag og fórnfýsi. Flestir sem að þessu koma stunda fulla vinnu og rúmlega það ásamt því að eiga hestana sem áhugamál og sinna þeim en á sama tíma tíma tekst okkur að halda úti öflugum félagi þar sem mikil starfsemi fer fram þótt ekki sé hún alltaf sýnileg öllum. Ég vil að endingu þakka öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg við að halda félaginu okkar gangandi, stjórnarmönnum, nefndarmönnum og öllum hinum. Ég óska Dreyra farsældar og tel framtíð félagsins bjarta svo framarlega sem við berum gæfu til þess að standa saman og standa vörð um félagið og hagsmuni þess.

Fyrir hönd stjórnar;

Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir, formaður.

Hnefaleikafélag Akraness

HAK var formlega stofnað 28 febrúar 2008. Stjórnin hittist 10 sinnum á sínu fyrsta starfsári. S.l. sumar fékk stjórnin aðstöðu fyrir HAK inn í golfaðstöðu í kjallara íþróttahússins að Vesturgötu. Þar voru hengdir upp boxpúðar og settur upp æfingahringur. Einnig voru ráðnir þjálfarar. Í byrjun haustsins var svo ráðist í kaup á búnaði fyrir félagið enda var sá búnaður sem fyrir var orðin mjög lélegur og illa lyktandi af gömlum svita. Vegna falls krónunnar reyndust kaupin mun dýrari en upphaflega var stefnt að. Skráðir félagar í haust voru 60 talsins, en þegar kom að því að greiða félagsgjöldin fækkaði í hópnum og eru nú um 35 borgandi félagar. Iðkendur var skipt í 3 hópa, einn stelpuhóp og tvo karlkyns hópa (yngir og eldri). Hver hópur æfði 3 sinnum í viku. Nokkrir iðkendur tóku þátt í keppnum í haust og stóðu og stóðu sig mjög vel.

Tvisvar sinnum voru haldnar sérstaka æfingabúðir. Í fyrra skiptið komu 7 félagar frá Hnefaleikafélagi Suðurnesja í heimsókn og sá þjálfari þeirra um æfingarnar. Æft var 6 sinnum frá föstudegi fram á sunnudag. Seinna skiptið kom Þórður Sævarsson sem hefur hlotið mikla þjálfun í Danmörku og hélt æfingabúðir fyrir áhugasama



iðkendur HAK. Haldnar voru 5 æfingar frá föstudegi fram á sunnudag. Þessar æfingabúðir bættu miklu við þekkingu iðkenda á íþróttinni.

HAK tilnefndi Arnór Már Grímsson sem hnefaleikamann ársins, en hann er ákaflega efnilegur hnefaleikamaður sem stóð vel í þeim keppnum sem hann tók þátt í auk þess sem hann lagði sig hart fram við æfingar.

Það er stefna félagsins að festa hnefaleika í sessi sem valkost í íþrótt aflóru Akraness. Til að svo megi verða er mikilvægt að félagið fái að halda þeirri aðstöðu sem byggð hefur verið upp í kjallara íþróttahússins við Vesturgötu.

Stjórn félagsins

Bjarki Jóhannesson, formaður

Sigurður Bjarnason, gjaldkeri

Þorleifur Örnólfsson, ritari

Örnólfur Þorleifsson, meðstjórnandi

Birkir Bjarkason, meðstjórnandi

Þjálfarar

Þjálfarar voru Auðunn Sigurðsson, Örnólfur Þorleifsson og Viðar Viðarsson. Viðar sá um faglega uppbyggingu æfinga en Auðunn og Örnólfur sáu um flestar æfingarnar. Viðar sá um 3-4 æfingar á mánuði og lagði áherslu á tækniatriði. Birkir Olgeir Bjarkason var þeim aðstoðar. Viðar sem er hnefaleikamaður ársins á Íslandi hefur undanfarna mánuði byggt upp mikla þekkingu á þjálfunaraðferðum í hnefaleikum, m.a. ferðast til Bandaríkjanna og æft þar á frægustu æfingastöðum landsins og fengið frábæra þjálfun. Auðunn hefur unnið við einkaþjálfun undanfarin misseri, en stundaði hnefaleika síðast fyrir 2 árum. Örnólfur hefur stundað hnefaleika í 3 ár. Hann sá að mestu um þjálfun yngri hópsins í fyrra við góðan orðstír.

Íþróttafélagið Þjótur

Stjórn Þjóts 2008-2009.

Ólöf Guðmundsdóttir, formaður

Magnús B. Guðmundsdóttir, varaformaður

Harpa Sif Þráinsdóttir, ritari

Soffía Pétursdóttir, gjaldkeri

Sylvía Guðmundsdóttir, meðstjórnandi.

Nýárssundmót barna og unglinga haldið 5.jan.'08 í Reykjavík: Þar tók 1 keppandi frá Þjóti þátt í mótinu.

Æfingar hófust 7. janúar'08. í boccia, frjálsum íþróttum og sundi. Þjálfarar á vorönn: Sund Harpa S. Þráinsdóttir. Ólöf Guðmundsdóttir og Freyja Þ. Smáradóttir í boccia og frjálsum íþróttum. Æfingar voru 4 sinnum í viku og iðkendur voru á bilinu 20-25 er æfðu reglulega.

Malmö-Open í Svíþjóð 7-11 febrúar 2008. Þangað fóru 10 keppendur frá Þjóti til að keppa í boccia ásamt 2 fararstjórum. Ferðin var mjög ánægjuleg í alla staði og skemmtu allir sér mjög vel en Þjótur fór ásamt 2 öðrum aðildarfélögum ÍF eða alls um 80 manns.

Formannafundur ÍF. var haldinn 26 mars. Fulltrúi stjórnar fór fyrir hönd Þjóts.

Íslandsmót ÍF í frjálsum íþróttum innanhúss 5-6 apríl 2008.

Frá Þjóti fóru 1 keppandi á mótið Andri Jónsson er hlaut 1 sætið í 60 m og 200m hlaupi ásamt 3 sæti í langstökki.

Íslandsmót ÍF í bogfimi, lyftingum boccia og sundi fór fram helgina 5-6 apríl "08. Keppnin fór fram í íþróttahúsinu Laugardal, sundlauginni Laugardal og Hátúni 14.

Fimm sveitir tóku þátt í boccia ekki var unnið til verðlauna að þessu sinni. En 1. sveit náði 4 sæti. Í sundi voru síðan 5 keppendur.

Aðalfundur félagsins fór fram 21 apríl í Brekkubæjarskóla.

Fundarstjóri var Gísli Einarsson. Á dagskrá fundarins voru hefðbundin aðalfundarstörf kosning formanns og 2 stjórnarmanna ásamt afhendingu viðurkenninga. Hvatningarbíkar ÍF. hlaut Laufey María Vilhelmsdóttir. Minningarbíkar um Lýð Hjálmarsson hlaut Jón Agnarsson. Formaður félagsins Ólöf Guðmundsdóttir var endurkjörin breyting varð á stjórn en Ragnar Hjörleifsson, varaformaður og Kristbjörg Antoníusardóttir, meðstjórnandi gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og var þeim þakkað fyrir velunnin störf í þágu félagsins í gegnum árin.

Stjórn starfsársins 2008-2009 er skipuð þannig:

Ólöf Guðmundsdóttir, formaður, Magndís B. Guðmundsdóttir varaformaður, Harpa Sif Þráinsdóttir, ritari, Soffía Péturssdóttir, gjaldkeri, Sýlvía Guðmundsdóttir, meðstjórnandi. Varamenn Sigurður A. Sigurðsson, Ásgeir Sigurðsson.

1-4 maí "08 var Hængsmótið á Akureyri haldið.

Þangað fóru alls 15 manns og 3 fararstjórar frá Þjóti. Farið var í samfloti með Suðra Selfossi og á einkabílum. Var ferðin í alla staði hin ánægjulegasta.

Vormót Aspar fór fram í maí "08.

Freyr Karlsson fékk silfurverðlaun í 50m skriðsundi. Emma Björnsdóttir hlaut gullverðlaun í 50m skriðsundi. Áslaug Þorsteinsdóttir hlaut silfurverðlaun í 50m baksundi. Stefán Rafnsson hlaut bronsverðlaun í 50m skriðsundi.



Lokadagur vetraræfinga félagsins var 14 maí 2008 og var þá farið út að borða á Galito.

64 þing ÍA fór fram 15 maí. Sigurður A. Sigurðsson fór fyrir hönd félagsins á þingið.

24 maí 2008 fóru fram Íslandsleikar Special Olympics í knattspyrnu á Akranesi í knattspyrnuhöllinni. Þetta var samstarfsverkefni Íþróttasambands fatlaðra, Knattspyrnusambands Íslands, Íþróttabandalags Akraness og Íþróttafélagsins Þjóts. Keppt var í 2 styrkleikaflokkum. Þátttakendur voru frá Ösp Reykjavík, Nesi Reykjanesbæ, Þjóti Akranesi og Suðra Selfossi. Var þetta hið ánægjulegasta mót og höfðu allir gaman af en Guðlaugur Gunnarsson KSÍ hafði umsjón með undirbúningi vegna mótsins.

Íslandsmót ÍF í frjálsum íþróttum utanhúss 2 júní 2008. Frá Þjóti fóru 1 keppandi á mótið Andri Jónsson.

13 september 2008 fóru fram Íslandsleikar Special Olympics í knattspyrnu og frjálsum íþróttum á Akureyri. Andri Jónsson keppti fyrir hönd Þjóts og stóð sig af stakri þryði en hann varð 2. í 50. metra hlaupi.

Vetrarstarfið hófst að nýju 8. september "08. Æfingar voru með hefðbundnu sniði líkt og áður. Boccia x 2 í viku ásamt sundi x 2 í viku fyrir eldri iðkendur og x 1 í viku fyrir yngri iðkendur. Þjálfarar voru. Sund: Harpa S. Þráinsdóttir. Sund hjá yngri iðkendum þjálfari Ragnheiður Runólfssdóttir. Boccia: Ólöf Guðmundsdóttir, Guðmundur I. Gunnarsson, Sigurður H. Smárasen og Freyja Þ. Smáradóttir. Guðmundur I. Gunnarsson sá um fótboltaæfingar x1 í viku. Einnig var boðið upp á keilutíma x 1 í viku undir stjórn Keilufélags Akraness.

Fjarðarmótið í sundi var haldið 5. okt"08 í Ásvallalauginni í Hafnarfirði. Áslaug Þorsteinsdóttir hlaut 1 sæti í 50m bringusundi. Laufey María Vilhelmsdóttir hlaut 2 sætið í 100m skriðsundi og 3 verðlaun í 50m baksundi. Emma R. Björnsdóttir hlaut 1 sæti í 50m baksundi og 3 sæti í 50m skriðsundi.

Dagana 28-29 nóvember var Opna Reykjavíkurmótið í frjálsum íþróttum í umsjón Aspar og Íslandsmótið í sundi í 25 metra laug í innilauginni í Laugardal.

Andri Jónsson keppti í frjálsum íþróttum og hlaut 1 sæti í sínum aldursflokki í 60 metra og 200 m. hlaupi.

Laufey M. Vilhelmsdóttir varð í 3 sæti í 200m skriðsundi og 2 sæti í 100m baksundi. Emma R. Björnsdóttir hlaut 2 sæti í 50m baksundi og 3 sæti í 100m fjórsundi. Áslaug Þorsteinsdóttir hlaut 3 sæti í 50m og 100m baksundi.

25-26 október"08. Fór fram Íslandsmót í boccia í einstaklingskeppni í Reykjavík undir forystu Íþróttafélagsins Aspar.

En alls fóru 10 keppendur frá Þjóti á mótið og 2 fararstjórar. Sigurður A. Sigurðsson hlaut 4 sætið í 2 deild og Einar Sigurðsson hlaut 4 sætið í 4. deild.

Lionsmót Lionsklúbbs Akraness og Þjóts fór fram 23. nóvember 2008 í íþróttahúsinu við Vesturgötu á Akranesi. Alls sóttu okkur heim 2 önnur aðildarfélög ÍF. Sveitir frá ÍFR hlutu 1-3 sæti. Lionsmenn sáu alfarið um dómgæslu ásamt því að gefa verðlaun og bjóða upp á veitingar að móti afloknu.

Innanfélagsmót í boccia og sundi fór fram í desember'08.

Sigurður A. Sigurðsson hlaut titilinn bocciameistari Þjóts árið 2008, titlinum fylgir farandbikar.

Lokaæfingar hjá félaginu fyrir jól var 17 desember 2008 og var farið á Galito.

Andri Jónsson var kjörinn íþróttamaður Þjóts árið 2008.

Styrkir: Félagið hlaut 200.000 kr. styrk frá Akraneskaupstað vegna íþróttastarfsins. kr. 18,000 fengust úr Glitnismaræðni. Einnig lögðu mörg fyrirtæki, félög og einstaklingar þátttakendum og félaginu lið á árinu meðal annars vegna ferðar á Malmö-Open í Svíþjóð. Fjáraflanir félagsins voru með hefðbundnu sniði á árinu þ.e. jólakortasala sem er ein okkar helsta tekjulind og gekk hún vel að venju.

Lokaorð.

Árið 2008 var í heildina gott ár hjá félaginu líkt og undanfarin ár. Nýliðun var ekki umtalsverð í félaginu sl. haust. En samt er kominn lítill kjarni yngri barna er æfa sund hjá félaginu og keilu og er það ánægjufni fyrir félagið. Markmið félagsins líkt og endranær er að veita fólki með fötlun tækifæri til að stunda heilbrigðar tómstundir og að allir iðkendur geti fundið eitthvað við sitt hæfi og aukið þannig lífsgæði sín. Félagsmönnum, þjálfurum, aðstoðarmönnum og starfsmönnum íþróttamannvirkja þökkum við ánægjulegt samstarf á liðnu ári og öllum velunnurum félagsins færur við kærar þakkir fyrir stuðninginn á árinu.

Karatefélag Akraness

Árið 2008 var mjög gott hjá Karatefélagi Akraness.

Stjórn félagsins skipuðu:

Ágústa Rósa Andrésdóttir, formaður

Helga Arnardóttir, gjaldkeri

Ágústa Árnadóttir, varaformaður

Eyrún Jóna Reynisdóttir, meðstjórnandi

Helgi Hauksson, meðstjórnandi

Yfirþjálfari Karatefélags Akraness er Einar Hagen og sá hann um þjálfun þriggja flokka innan félagsins. Ágústa Rósa Andrésdóttir, Eyrún Reynisdóttir og Hafðís Erla Helgadóttir sáu um þjálfun yngri iðkenda.

Nokkrir einstaklingar úr afrekshópi Karatefélagsins fóru í æfingabúðir í Fredriksstad í Noregi sem haldnar voru í

lok júní og þóttu þær æfingabúðir heppnast mjög vel. Þar voru fimm heimsklassaþjálfarar sem sáu um þjálfun og er það mikil lífsreynsla fyrir karateiðkendur að fá að æfa undir handleiðslu þessara þjálfara.

og var mikil ánægja með þær hjá okkar fólki.

Í desember var Aðalheiður Rósa Harðardóttir kosin Karatemaður Akraness.

Hún náði mjög góðum árangri á árinu 2008 og þykir vera með bestu kata konum landsins þrátt fyrir mjög ungan aldur.

Árangur á mótum 2008

Á Íslandsmeistaramóti unglunga í kata sem haldið var 24.febrúar varð Aðalheiður Rósa Harðardóttir í öðru sæti í kata unglunga fæddir 1991-1992 og Dagný Björk Egilsdóttir varð í þriðja sæti í sama flokki. Hafðís Erla Helgadóttir varð í öðru sæti í flokki fæddur 1993 og Valgerður Jóhannsdóttir varð í þriðja sæti í sama flokki. Í mars var svo valið í unglingalandslið Íslands í karate til að keppa á Svenska Katapokalen í Svíþjóð og voru Ása Katrín Bjarnadóttir, Aðalheiður Rósa Harðardóttir og Dagný Björk Egilsdóttir valdar til fararinnar frá Karatefélagi Akraness. Aðalheiður varð í öðru sæti í sínum aldursflokki í kata og er það mjög góður árangur á þessu opna alþjóðlega móti. Í hópkata á sænska mótinu unnu Ása Katrín Bjarnadóttir, Hekla Helgadóttir (þórshamri) og Björg Jónsdóttir (Breiðablik) fullorðinsflokkinn og á sama móti unnu Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Dagný Björk Egilsdóttir og Diljá Guðmundsdóttir (þórshamri) í hópkata unglunga.

Á Íslandsmeistaramóti fullorðinna í kata sem haldið var 08.mars náðist mjög góður árangur einnig. Aðalheiður og Dagný urðu í þriðja sæti í fullorðinsflokki í einstaklingskata. Í hópkata urðu Ása Katrín Bjarnadóttir, Eyrún Jóna Reynisdóttir og Bergþóra Sveinsdóttir í öðru sæti og Aðalheiður Rósa Harðardóttir, Dagný Björk Egilsdóttir og Eydís Línal Finnbogadóttir í þriðja sæti og einnig vermdu það sæti Helga Arnardóttir, Ágústa Andrésdóttir og Guðrún Birna Ásgeirsdóttir.

Þann 12.Apríl keppti Ása Katrín Bjarnadóttir á Norður landameistaramótinu í karate og keppti hún þar í kata og stóð sig með þryði. Þann 03.maí fór fram síðasta Grand-prix mótið í Grand-Prix mótariðinni. Aðalheiður Rósa Harðardóttir varð Grand-Prix meistari með fullt hús stiga þar sem hún vann öll þrjú mótin í sínum flokki í kata. Þann 19.október fór fram Íslandsmeistaramót unglunga í kumite. Á því móti náðist finnrangur og varð Dagný Björk Egilsdóttir í öðru sæti í flokknum unglingar fæddir 1991-1992 og Aðalheiður Rósa Harðardóttir varð í því þriðja. 01.nóvember fór síðan fram Íslandsmeistaramót fullorðinna í kumite og varð Aðalheiður Rósa í þriðja sæti í kvennaflokki. Tekið var upp á þeirri nýbreytni hjá Karatesambandinu að hafa tvö mót sama daginn til að allar helgar yrðu ekki undirlagðar hjá fólki og varð því úr að fyrsta bikarmótið í bikarmótariðinni og fyrsta grand-prix mótið í grand-prix mótariðinni voru haldin 16. nóvember.



Þar varð Aðalheiður í öðru sæti í báðum mótunum í kata. Einnig varð hún í þriðja sæti í kumite í báðum mótunum.

Árið 2008 var mjög gott hjá Karatefélagi Akraness. Félagið hefur vakið athygli fyrir að vera að koma upp með efnilegustu stelpur landsins í karate sem eiga framtíðina fyrir sér. Aðalheiður Rósa Harðardóttir var í febrúar síðastliðinn valin í A-landslið Íslands í kata og þykir það mjög gott miðað við mjög ungan aldur hennar. Félagið á bjarta framtíð framundan og mun félagið reyna að styðja eins vel og það getur við bakið á þessu efnilega framtíðarfólki sem við eigum innan okkar vébanda.

Keilufélag Akraness

Í febrúar 2008 var haldinn fundur hjá Keilufélagi Akraness og var ákveðið að stjórnin héldi óbreytt áfram.

Stjórn Keilufélags Akraness skipa:

Guðmundur Sigurðsson	Formaður
Einar Jóel Ingólfsson	Varaformaður
Jónína Björg Magnúsdóttir	Gjaldkeri
Vilborg Lúðvíksdóttir	Ritari
Guðlaug Aðalsteinsdóttir	Meðstjórnandi

Fjárafilanir og fjármálaleg staða. Tekjur Keilufélagsins á undanförunum árum hafa aðallega komið frá auglýsingum, útleigu á salnum og Fyrirtækjakeppninni. Engir fjáröflunartónleikar voru haldnir þetta árið, auglýsingatekjur minnkðu enn meira en áður (aðallega á haustmánuðum) og vegna bágs ástands vélabúnaðar var ekki lagt í að halda fyrirtækjakeppni veturinn 2008-2009 svo hægt væri að halda úti heimaleikjum liða í deildar- og unglingakeppni. Afmæli í keilusalnum njóta sívaxandi vinsælda og hafa tekjur af þeim vegið aðeins upp á mótí auglýsingatapi. Ávísanir Akranesskaupstaðs hafa einnig hjálpað mikið og er frábært framtak sem við þökkum.

Iðkenda fjöldi, flokkar og þjálfaramál

Virkir iðkendur hjá Keilufélagi Akraness eru nú 40 talsins. Þar af eru 2 lið í efstu deild karla, 1 lið í 2.deild karla og 1 lið í 1.deild kvenna.

Unglingarnir keppa í 1. til 4. flokki og er aldursröðun mismunandi eftir því hvort verið er að keppa í Íslandsmóti Unglinga eða Meistarakeppni Ungmenna.

Aðrir fastir iðkendur í keilu:

Íþróttafélagið Þjótur er með 2 klst. á viku og skiptist í yngri og eldri hóp og eru þau nærri 20 að tölu sem að mæta að staðaldri. Í haust fengu yngstu meðlimir Þjóts æfingatíma í keilu og eru þeir tímar mjög vel nýttir.

FEBAN er með 2 æfingar á viku og eru iðkendur þar um 6 talsins.

Þjálfarar hjá Keilufélagi Akraness árið 2008 voru Guðmundur Sigurðsson, Skúli Freyr Sigurðsson og Jónína B. Magnúsdóttir.

Góð þátttaka var í unglingamótum árið 2008 og krakkarnir okkar náðu ágætum árangri.

Íslandsmót unglinga

Í febrúar var Íslandsmót Unglinga haldið í Öskjuhlíð tvær helgar í röð og þar átti Keilufélag Akraness 14 keppendur af 29. Þeir sem að keppa á Íslandsmóti Unglinga eiga kost á íslandsmeistaratitli ef að þau vinna sinn flokk og eignast ÍA 4 íslandsmeistara úr röðum unglinga.

Í 1.flokki pílta var Skúli Freyr Sigurðsson í 1.sæti.

Í 2.flokki pílta var Arnór Elís Kristjánsson í 1.sæti, Kristófer Arnar Júlíusson í 2. Sæti, Gunnar Ágúst Ómarsson í 4.sæti og Heimir S. Sveinsson í 5.sæti.

Í 2.flokki stúlkna var Steinunn Inga Guðmundsdóttir í 1 sæti og Kolbrún Ösp Stefánsdóttir í 2.sæti.

Í 3.flokki pílta lenti Guðmundur Gestur Garðarsson í 4.sæti.

Í 4.flokki pílta lenti Aron Fannar Benteinsson í 2.sæti og Gylfi Snær Sigurðsson í 3.sæti, Bergþór Snær Elíson í 4.sæti og Guðni Már Gunnarsson í 5.sæti.

Í 4.flokki stúlkna voru þær Elínborg Bára í 1.sæti og Natalía Jónsdóttir í 2.sæti.



Íslandsmót Unglingaliða

Allt frá því að unglingar byrjuðu að keppa fyrir hönd Keilufélags Akraness hefur ÍA átt 2 lið í Íslandsmóti Liða og er það um helmingur þeirra unglinga sem að keppa í keilu á Íslandi. Þegar þetta er ritað bíða krakkarnir spenntir eftir að fara í úrslitin til að sjá hvort við náum þeim árangri að hafa ÍA í tveimur efstu sætunum í liðakeppninni. Mikil framför er nú innan hópsins.

Íslandsmóti Unglingaliða 2008 lauk þann 24. apríl. Keppt var í 3 manna liðum og hófst keppnin um haustið og voru 4 lið sem áttust við. Eftir 5 viðureignir og úrslit lenti ÍA1 í 2. Sæti og ÍA2 í 4. sæti.

Meistaramót ungmenna

Meistaramót Ungmenna er einstaklingskeppni þar sem að krakkarnir keppa hvert á móti öðru í nokkrum umferðum yfir veturinn.

Í 1. flokki pilta varð Magnús S. Guðmundsson KFA í 1. Sæti og Sigurður Þorsteinn Guðmundsson KFA í 2. Sæti.

Í 1. flokki stúlkna varð Margrét Björg Jónsdóttir KFA í 1. sæti.

Í 2. flokki átti ÍA enga keppendur að þessu sinni en í 3. flokki pilta varð Skúli Freyr Sigurðsson í 1. sæti, Gunnar Ágúst Ómarsson í 6. sæti, Arnór Elís Kristjánsson í 7. sæti, Heimir Snær Sveinsson í 8. Sæti og Kristófer Arnar Júlíusson í 9. sæti.

Í 3. flokki stúlkna varð Steinunn Inga Guðmundsdóttir 2. Sæti og Kolbrún Ösp Stefánsdóttir í 3. sæti

Í 4. flokki pilta varð Guðmundur Gestur Garðarsson í 3. sæti, Bergþór Snær Elísson í 4. sæti og Guðni Már Gunnarsson í 7. sæti.

Í 4. flokki stúlkna varð Elínborg Bára Sveinsdóttir í 2. sæti og Natalía Jónsdóttir í 3. sæti.

Evrópumót unglinga

Evrópumót unglinga í keilu er haldið um páskana ár hvert. Árið 2008 var mótið haldið í Helsinki í Finnlandi og keppti Skúli Freyr Sigurðsson með unglingalandsliðinu. Þar keppa unglingarnir í tvímenni, þrímenningi og fjórmenningi auk þess sem að hver kepptur leikur telur í einstaklingsskor.

Deildarkeppni fullorðinna

ÍA Wonderers, sem að keppir nú í efstu deild, eru allir búsettir í Reykjavík en með heimavöll á Akranesi. Þeir unnu 2. deild með glæsibrag vorið 2008 síðastliðið vor. Björn Birgisson úr ÍA-W var svo tilnefndur Keilumaður Akraness 2008 fyrir góðan árangur í 2. deild og fyrir það afrek að ná fullkomnum leik, 300 stig, í annað skipti á sínum leikferli.

Önnur lið fullorðinna standa sig vel og eru öll ofar í sínum deildum en þau hafa áður verið.

Markmið Keilufélags Akraness er að ná til sem flestra einstaklinga óháð aldri og teljum við okkur hafa náð því markmiði nokkuð vel. Þeir sem að stunda keilu eru á öllum aldri og enn og aftur hefur okkur tekist að ná í og halda hjá okkur einstaklingum sem ekki hafa verið í neinum íþróttum og teljum við það vera af hinu góða.

Knattspyrnufélags ÍA

Skýrsla aðalstjórnar

Aðalstjórn Knattspyrnufélags ÍA árið 2008 var skipuð eftirtöldum:

Sigrún Ríkharðsdóttir formaður, Sigurður Arnar Sigurðsson ritari og Kjartan Kjartansson gjaldkeri. Varamenn í stjórn voru Haraldur Sturlaugsson og Þróstur Stefánsson.

Auk stjórnarfunda fundaði stjórnin með formönnum rekstrarfélags meistaraflokks karla og 2. flokks karla, kvennanefndar og unglinganefndar. Fundirnir voru mjög gagnlegir. Á þeim var farið yfir störf rekstrarfélaganna þriggja, áherslur hvers rekstrarfélags og margs konar sameiginleg mál. Störf rekstrarfélaganna eru á margan hátt mjög ólík, en hafa öll þó það sameiginlega markmið að gera hag Knattspyrnufélags ÍA sem mestan. Rekstrarfélögin hafa á að skipa mjög hæfu fólki sem vinna af miklum krafti undir forystu sinna formanna. Ég vil fyrir hönd okkar í aðalstjórn þakka öllu þessu fólki fyrir frábært starf í þágu Knattspyrnufélags ÍA. Þessir einstaklingar vinna mjög óeigingjarnt starf í þágu félagsins og verður sú vinna seint fullþökkuð.

Árangur í knattspyrnu er iðulega skoðaður út frá sigrum á vellinum og þeim titlum sem vinnast. Við viljum helst vinna hvern leik, en árangurinn er ekki síður mældur í því hve margir iðkendur eru. Það hlýtur að vera markmið okkar að sem flestir stundi þessa skemmtilegu íþrótt. Hér á Akranesi hafa ávallt margir stundað knattspyrnu, en við hljótum að stefna að því að enn fleiri bætist í hópinn. Öflugt starf Unglinganefndar ásamt góðum þjálfurum skilar góðum árangri. Fjölgun hefur orðið á iðkendum í barna og unglingastarfi. Kvennanefndin hefur unnið ötullega að uppbyggingu yngri flokka kvennaknattspyrnunnar í samráði við Unglinganefnd og á þessu ári var tefld fram meistaraflokki. Við höfum mikinn efnivið í börnum og unglingum sem stunda knattspyrnu og ástæða til að hlakka til framtíðarinnar í þeim efnum. Við gerðum töluverðar væntingar til meistaraflokks karla á árinu og töldum að liðið myndi fylgja eftir árangri síðasta árs. Því miður varð reyndin önnur og meistaraflokkur féll um deild. En við horfum fram á veginn og ég er þess handviss að Skagamenn spila bara eitt sumar í fyrstu deild og komast aftur meðal þeirra bestu, en hvergi annars staðar á Skaginn að spila.

Hvort tilkoma Akraneshallarinnar á eftir að breyta knattspyrnunni verður sagan að segja frá. Hins vegar er aðstaðan til að iðka knattspyrnu öll önnur og mín trú er sú að við eigum á komandi árum og áratugum eftir að sjá enn fleiri frábæra knattspyrnumenn og konur verða til.

Ríkharður Jónsson var í lok ársins gerður að heiðursborgara Akraness og í umsögn um hann er m.a. sagt „Ríkharður hefur á síðustu ríflega 50 árum borið hróður knattspyrnunnar á Skaganum víða og er án efa sá einstaklingur sem á hvað mestan þátt í þeirri einstöku knattspyrnuhefð og – sögu sem Skaginn státar af“ Við sem knattspyrnufélag hljótum

að vera mjög stolt af því að einn af okkar allra bestu knattspyrnumönnum skuli hljóta þessi heiður.

Öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóginn í vinnu fyrir félagið á árinu, bæði stjórnarmönnum og öðrum, þakka ég góð störf á árinu. Megi árið 2009 verða okkur enn betra en liðið ár.

Sigrún Ríkharðsdóttir, formaður

Ágrip af æviferli Ríkharðs Jónssonar

Ríkharður Jónsson er fæddur í Reynistað á Akranesi þann 12. nóvember árið 1929. Foreldrar hans voru þau Jón Sigurðsson, sjómaður, verkamaður og hafnarvörður frá Lambhaga og Ragnheiður Þórðardóttir frá Vegamótum á Akranesi.

Frá unga aldri stundaði Ríkharður íþróttir og þá einkum knattspyrnu og gekk snemma til liðs við Knattspyrnufélag Akraness, KA. Hann var í fyrsta meistaraflökksliði ÍA árið 1946 þá aðeins 16 ára gamall. Á árunum 1947–1950 stundaði Ríkharður nám í Iðnskólanum í Reykjavík og útskrifaðist þaðan sem húsamálari, bílamálari og dúklagningarmeistari. Meðan Ríkharður stundaði nám sitt lék hann knattspyrnu með Fram, en að námi loknu flutti hann að nýju á Akranes og lék með liði ÍA alla tíð síðan auk þess sem hann þjálfaði liðið um 18 ára skeið. Árið 1946 var Ríkharður, þá 16 ára, valinn í landsliðhóp vegna leiks Íslands gegn Dönum, en árið eftir var hann valinn í annan landsleik íslendinga gegn norðmönnum og lék Ríkharður þar sinn fyrsta landsleik aðeins 17 ára gamall.

Eftir að hafa farið til Þýskalands í íþróttaskóla árið 1951 og til að leika þar knattspyrnu, þá kom Ríkharður á Akranes að nýju og tók við þjálfun Skagaliðsins samhliða því sem hann lék með liðinu. Það ár var upphaf gullaldar knattspyrnunnar á Akranesi því þann 20. júní 1951 lauk Íslandsmótinu með sigri ÍA og varð félagið fyrst liða utan Reykjavíkur til að hampa Íslandsmeistaratitli. Þar varð fyrsta gullaldarliði ÍA til. Ríkharður Jónsson á að baki einstakan knattspyrnuferil og þótt tölfræðin segi ekki nema lítinn hluta sögunnar þá skal eftirfarandi getið:

Fjöldi leikja með ÍA	185
Fjöldi marka	139
Fjöldi Íslandsmeistaratitla	6
Ár sem þjálfari ÍA	18 ár
Fjöldi landsleikja 1946-1965	33
þar af fyrirliði í 22 leikjum.	
Fjöldi marka í landsleikjum	17
Landsliðsþjálfari 1969 – 1972	

Ríkharður var formaður ÍA um árabíl og er nú heiðursfélagi Íþróttabandalags Akraness og Knattspyrnufélags ÍA. Ríkharður hefur verið sæmdur æðstu heiðursmerkjum ÍSÍ og KSÍ auk þess sem honum hefur verið veitt fálaorða íslenska lýðveldisins. Ríkharður sat í bæjarstjórn Akraness á árunum 1974 – 1982 og sat í ýmsum nefndum fyrir bæjarfélagið fyrr og síðar. M.a. sat hann í stjórn Sjúkrahúss og heilsugæslustöðvar Akraness í tæp 30 ár og var þar



af formaður stjórnar í 10 ár. Einnig sat hann í stjórn Grundartangahafnar í 3 ár.

Ríkharður giftist þann 25. desember árið 1949, Hallberu Guðnýju Leósdóttur. Þau eiga fjögur börn, þau Ragnheiði, Ingunni, Málfríði Hrönn, Sigrúnu og Jón Leó. Barnabörnin þeirra og barnabarnabörn eru 26.

Knattspyrnuferill Ríkharðs Jónssonar er einstakur og ávann honum og Akranesi stóran hóp aðdáenda jafnt innlands sem utan. Hefur nafn hans og bæjarfélagsins ætíð verið tengt afrekum hans á knattspyrnuvellinum og hefur þá bæjarfélagið notið ríkulega þeirrar athygli sem afrek hans verðskulda. Af mörgum tilvikum er e.t.v. oftast nefnt að Ríkharður hafi skorað fjögur mörk í íslenskum sigri gegn feykilega sterku landsliði Svía þann 29. júní 1951 og að hann hafi allt fram til ársins 2007 verið markahæstur þeirra sem leikið hafa með íslenska landsliðinu. Þá var Ríkharður nýlega kjörinn einn af 10 bestu knattspyrnumönnum Íslands fyrr og síðar. Sigrar Ríkharðs Jónssonar og afrek hafa ávallt verið sigrar Akraneskaupstaðar og íbúanna á Akranesi. Framganga hans innan sem utan vallar hefur alla tíð áunnið bæjarfélaginu velvild og jákvæða umfjöllun, sem skipt hefur bæjarbúa miklu máli og styrkt ímynd Akraness. Í gullaldarliði Skagamanna voru margir frábærir knattspyrnumenn, en Ríkharður var þar fremstur meðal jafningja. Hann er ímynd gullaldarliðsins og þeirrar ríku hefðar sem knattspyrnan á Akranesi hefur áunnið sér með glæsilegum sigrum allt frá árinu 1951. Hann hefur því verðskuldað áunnið sér virðingu samborgara sinna sem heiðursborgari Akraness.

Skýrsla stjórnar Rekstrarfélags meistaraflökks og 2. flokks

Inngangur.

Í stjórn Rekstrarfélags meistaraflökks og 2. flokks Knattspyrnufélags ÍA voru eftirfarandi aðilar skipaðir af stjórn knattspyrnufélagsins:

Gísli Gíslason, formaður.
Örn Gunnarsson, varaformaður.
Magnús Daníel Brandsson, ritari.
Sigmundur Ámundason, gjaldkeri.
Alexander Eiríksson, meðstjórnandi.
Eiríkur Guðmundsson, meðstjórnandi.
Sturlaugur Haraldsson, meðstjórnandi.
Sigbór Eiríksson, varamaður.

Eftir keppnistímabilið 2008 vék Sigbór Eiríksson úr stjórninni en í stað hans kom Sævar Jónsson.

Framkvæmdastjóri félagsins er Þórður Guðjónsson.

Áfram var unnið eftir þeim megináherslur sem stjórn rekstrarfélagsins hefur hefur sett sér en þær eru eftirfarandi:

- Að tryggja að rekstur félagsins sé innan raunhæfs fjárhagsramma.
- Að leitast við að efla starf 2. flokks og yngri leikmanna í meistaraflokki.
- Að tryggja leikmönnum ÍA bestu aðstæður til þjálfunar þ.m.t. með ráðningu góðra þjálfara, sjúkraþjálfara o.fl.
- Að ná langtímasamningum við stuðningsaðila og tryggja að þeir telji að félagið skili verðmætum til baka í jákvæðri umfjöllun.
- Að leitast við að ÍA verði áfram á meðal bestu knattspyrnuliða landsins.

Ekki verður því haldið fram að ofangreind meginmarkið stjórnarinnar hafi öll náðst. Mikilvægt er þó að nefna að þrátt fyrir afar erfið skilyrði tókst að halda rekstri félagsins á árinu 2008 í jafnvægi. Ennfremur er mikilvægt að halda því til haga að gengi 2. flokks félagsins var með miklum ágætum og lék liðið hreinan úrslitaleik við Breiðablik um Íslandsmeistara titilinn og bar sig úr bítum í Faxaflóamótinu. Í 2. flokki er fjöldi ungra og efnilegra leikmanna, sem með réttu viðhorfi og góðri þjálfun eiga eftir að skila sér í meistaraflokk félagsins. Það sem miður fór á árinu 2008 var annars vegar að meistaraflokkur féll úr efstu deild, en það hefur aðeins gerst tvívegis áður. Samhliða því og með sumpart að líkum hætti og gerðist á árum áður þegar félagið féll úr efstu deild þá gekk efnahagslegt hallæri yfir Ísland. Það hallæri hafði þegar veruleg og neikvæð áhrif á rekstur félagsins og ljóst að framundan er gríðarlega hörð barátta og vinna við að fjármagna starfsemina. Ljóst er að tekjur félagsins lækka um helming, en á móti hefur í góðu samstarfi við leikmenn félagsins verið dregið úr launakostnaði og ber að færa leikmönnum félagsins þakkir fyrir velvild þeirra og skilning á fjárhagslegum möguleikum þess. Segja má að íslenskt íþróttalíf hafi færst áratugi aftur í tímann hvað fjármögnun varðar en því áfalli verða iðkendur og forráðamenn að mæta með aukinni áherslu á félagslega hlið íþróttar.

Hvað Akranes varðar þá hefur sagan sýnt að félög innan ÍA geta staðið öðrum félögum fyllilega á sporði þegar keppt er á jafnréttisgrundvelli, en að ÍA getur almennt ekki keppt við mörg félög á höfuðborgarsvæðinu hvað fjármagn varðar. Minna fjármagn til íþróttahreyfingarinnar þarf því ekki að vera ÍA fjötur um fót ef rétt er á málum haldið. Rétt er þó að geta þess að með samþykkt bæjarstjórnar Akraness nýlega um hækkun framlaga til iðkenda er vel komið til móts við íþróttahreyfinguna á Akranesi. Þó svo að meginverkefni stjórnar Rekstrarfélags ÍA hafi ekki breyst þá verður vinna við fjármögnun félagsins þyngri og framundan það grundvallar verkefni að koma meistaraflokki KFÍA aftur í fremstu röð knattspyrnuliða á Íslandi.

Málefni 2. flokks.

Þjálfarar 2. flokks voru þeir bræðurnir Steinar Dagur Adolfsson og Ólafur Adolfsson. Skemmst er frá því að segja að framlag þeirra til verkefnisins og knattspyrnufélagsins var framúrskarandi í alla staði. Flokkurinn var skipaður vöskum hópi drengja sem lögðu sig vel fram við æfingar og leiki. Á vordögum vann liðið Faxaflóakeppnina og varð í 2. sæti á Íslandsmótinu, en féll úr leik í VISA-bikarnum í 2. umferð.

Um þessar mundir er stjórn rekstrarfélagsins að vinna að stefnumótun í samvinnu við unglinganefnd KFÍA vegna yngri leikmanna. Þar eru sett fram markmið og gildi sem eiga að einkenna starfsemi KFÍA, þjálfun og viðhorf leikmanna til félagsins. Með skýrri framsetningu á þessum markmiðum og öflugri framkvæmd á að freista þess að fá fleiri iðkendur til félagsins, hamla gegn brottfalli og laða unga leikmenn af landsbyggðinni til Akraness.

Þeir Steinar og Ólafur hafa endurnýjað samning sinn við félagið til loka árs 2010.

Málefni meistaraflokks.

Framan af ári voru væntingar um að meistaraflokkslið félagsins myndi standa sig vel á komandi keppnistímabili. Fram til loka maímánaðar virtist sem væntingar stjórnar, þjálfara, leikmanna og stuðningsmanna myndu ganga



eftir. Hins vegar gengu ýmsir hlutir úrskaiðis, sem leiddi til þess að félagið féll út úr VISA bikarkeppninni í 32ja liða úrslitum, endaði í neðsta sæti Landsbankadeildar og féll þar með úr deildinni. Liðið lék tvo leiki við finnska liðið Honka og tapaði fyrri leiknum erlendis 4-0, en fór með sigur af hólmi í síðari leiknum á Akranesi, 2 -1. Í lok júlímánaðar var samningi félagsins við Guðjón Þórðarson slitið og lét hann þá af störfum ásamt aðstoðarmanni sínum Jóni Þór Haukssyni. Við liðinu tóku þeir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir og var ráðinn aðstoðarmaður þeirra Þórður Þórðarson. Þrátt fyrir breytt þjálfaratemyi tókst ekki að snúa erfiðri stöðu við og má hafa langa sögu um ýmsar ástæður þess, en niðurstaðan dugir sem vitnisburður um gengi ársins. Eftir að keppnistímabilinu lauk var Þórður Þórðarson ráðinn aðalþjálfari liðsins en þeir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir umsjónarmenn meistarafllokks.

Fjárhagur rekstrarfélagsins.

Eins og fyrr er getið er það ein megináhersla stjórnar rekstrarfélagsins að haga útgjöldum þannig að þau fari ekki umfram þær tekjur sem unnt er að afla. Á árinu 2008 tókst að skila rekstrinum án taps, en hafa verður í huga að lítilsháttar lántaka brúaði niðurstöðuna. Þó svo að fjárhagur félagsins sé án verulegra skuldbindinga þá er ljóst að gjaldþrot bankanna bitnar af miklum þunga á Knattspyrnufélagi ÍA. Ljóst er að stærsti stuðningsaðili félagsins, Kaupþing mun ekki efna samning sinn við félagið, en samningurinn átti að gilda til loka árs 2010. Árið 1991 var skrifað undir stuðning Búnaðarbankans við Knattspyrnufélag ÍA, en KB-banki og síðar Kaupþing tók við þeim samningi. Samstarf félagsins og bankans hefur því varað um 17 ára skeið. Það er knattspyrnufélaginu verulegt fjárhagslegt áfall að njóta ekki lengur stuðnings bankans og leit hafin að nýjum aðal stuðningsaðila.

Heimasíða og upplýsingamál.

Eitt af mikilvægum verkefnum stjórnar Rekstrarfélagsins er m.a. að halda úti öflugri heimasíðu með reglubundnum fréttum af starfsemi félagsins. Á árinu 2007 var hafinn undirbúningur að nýjum vef félagsins í samvinnu við unglingastjórnina og kvennanefnd félagsins. Nýr vefur var opnaður í byrjun árs 2008 og gefur hann ýmsa möguleika sem eldri vefur gerði ekki. Enn sem komið er birtast aðeins fréttir og efni af starfi meistarafllokks félagsins, en lögð er veruleg vinna í að halda stuðningsfólki félagsins upplýstu um gang mála með birtingu fréttar og efnis á heimasíðunni. Framkvæmdastjóri félagsins, formaður og Alexander Eiríksson annast að mestu innsetningu efnis á heimasíðuna, en að auki verður Sigþór Eiríksson, fjölmiðlafulltrúi félagsins og felst vinna hans m.a. í því að skrifa fréttir á heimasíðuna, þó svo að hann sé horfinn úr stjórn félagsins. Eru honum færðar bestu þakkir fyrir framlag sitt, en minnt á að mikilvægt er að fleiri en stjórnarmenn komi að ýmsum verkefnum í þágu félagsins.

Samstarf við stuðningsaðila.

Þrátt fyrir brottfall Kaupþings, sem styrktaraðila félagsins og TOYOTA, þá hafa samstarfssamningar við

Húsasmiðjuna, VÍS og Errea verið endurnýjaðir. Samningar við HB Granda, Norðurál, OLÍS og Smellinn eru enn í gildi auk þess sem samningar eru í burðarliðnum við Vífilfell og Símann. Framundan er það verkefni að afla nýrra samstarfssamninga til lengri tíma þannig að fjárhagur félagsins byggji á grunni til lengri tíma en eins árs í senn.

Fyrir heimaleiki ÍA var sem fyrr reynt að skapa stuðningsaðilum félagsins veglega umgjörð með því að tileinka einstaka leiki ákveðnu fyrirtæki auk þess sem boðið hefur verið til móttöku í Byggðasafninu þar sem boðið hefur verið upp á ýmis konar fróðleik og upplýsingar frá þjálfara ÍA um liðsskipan, leikskipulag o.fl. Heiðursfélagi Knattspyrnufélags ÍA, Jón Gunnlaugsson, hefur haft veg og vanda að framsetningu upplýsinga um Skagaliðið og eru honum, enn sem fyrr, færðar bestu þakkir fyrir merkilegar og fróðlegar samantektir.

Það hefur verið stjórn Rekstrarfélagsins mikilvægt að þeir samningar sem félagið gerir við stuðningsaðila séu gagnkvæmir að því leyti að Rekstrarfélagið skapi stuðningsaðila sínum verðmæti á móti því framlagi sem veitt er. Með ýmsum hætti hefur þetta tekist vel þó svo að alltaf megi betur gera gagnvart einstökum aðilum.

Félagsstarf og viðburðir.

Að vanda heilt Rekstrarfélagið nokkra viðburði á árinu 2008. M.a. var haldið vel sótt Herrakvöld í febrúar, þrátt fyrir aftaka veður og lokahóf í október fyrir leikmenn og stuðningsfólk, sem var vel sótt. Lokahófið í október tókst almennt vel. Á lokahófinu var tilkynnt um Árna Thor Guðmundsson, sem leikmann ÍA árið 2008, en hann var einnig kjörinn Kaupþingsleikmaður Kaupþingsleikmaður ársins en Trausti Sigurbjörnsson var kjörinn efnilegasti leikmaður ársins.

Niðurlag.

Árið 2008 var ekki eitt af bestu árum knattspyrnunnar á Akranesi. Fall úr efstu deild og fjárhagslegt umrót í samfélaginu hefur leitt það af sér að nálgast þarf verkefnin út frá nýju sjónarhorni. Áfram verður mikilvægt að halda rekstri félagsins innan þeirra tekna sem unnt er að afla, en augljóst er að nálgast þarf aðra þætti með nýjum aðferðum. Aukna áherslu verður að leggja á félagsleg gildi og metnað leikmanna til að leika fyrir knattspyrnufélagið sem fulltrúar ÍA og Akraness. Gömul gildi á nýjum grunni eru því einn af þeim þáttum sem innræta þarf iðkendum innan félagsins. Framsetning sérstakrar stefnu í þeim efnum er því mikilvægur grunnur á komandi árum.

Aðstaða til knattspyrnuíðkunar á Akranesi er frábær þó svo að vinna þurfi að ýmsum þáttum í umgjörð félagsins og aðbúnaði iðkenda. M.a. er búningasklefaaðstaða á Jaðarsbökkum ekki nægjanlega góð auk annarra aðstöðu sem henni tengist. Góð aðstaða ásamt öflugri stefnu félagsins er lykilatriði í uppeldi knattspyrnufólks á Akranesi um ókomin ár. Þó svo að huga verði að verkefnum til að bæta umgjörð og aðstöðu íþróttafólks á Akranesi þá hefur margt áunnist, en grundvöllurinn er vinna þjálfaranna og

hæfileiki þeirra til að taka fá leikmenn til að leggja það á sig sem þarf til að ná árangri.

Það sem er því brýnast er nú á næstu mánuðum fyrir Knattspyrnufélag ÍA er eftirfarandi:

a. Að tryggja fjárhagsgrundvöll KFÍA og rekstrarfélaga þess.

b. Að tryggja iðkendum félagsins bestu þjálfara og aðstöðu.

c. Að skapa þeim 3. og 2. flokks leikmönnum, sem búa yfir góðum hæfileikum bættu aðstöðu til að ná árangri m.a. í samstarfi við grunnskólana og Fjölbrotaskóla Vesturlands.

d. Að viðhalda þeim sigurvila sem ÍA er þekkt fyrir og styrkja enn frekar jákvæða ímynd ÍA sem afreksfélags.

*Gísli Gíslason, formaður Rekstrarfélags meistaraflokks og 2. flokks Knattspyrnufélags ÍA.
Þórður Guðjónsson, framkvæmdastjóri.*

Skýrsla kvennanefndar

Stjórn KKÍA síðasta tímabil skipuðu eftirtaldir:

Þorbjörg Magnúsdóttir formaður, Jóhanna Hallsdóttir gjaldkeri, Jóhanna Leópóldsdóttir ritari og meðstjórnendur Anna Lilja Valsdóttir og Jónína Víglundsdóttir. Anna Lilja og Jónína gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og þakka ég þeim vel unnin störf. Hverjir taka þeirra stöðu í stjórn kemur í ljós á næstu vikum.

Meistaraflokkur kvenna tók þátt í Faxaflóa og bikarmóti síðast liðinn vetur og í Íslands og bikarkeppni í sumar sem leið. Í bikarnum komust þær í 8 liða úrslit en töpuðu naumlega fyrir Stjórnumni. Við fengum til liðs við okkur 2 erlenda leikmenn þær Marcia Rosu Da Silva frá Brasilíu og Olaithan Yusuf frá Nígeríu. Þær eru báðar namar í háskólum í BNA. Þær reyndust frábær liðsauki og Olaitan varð markahæst í 1 deild.

Leikirnir gengu misvel en samdóma álit leikmanna og stjórnar var að sumarið hefði verið bæði skemmtilegt og lærdómsríkt, þrátt fyrir ýmiss áföll. 2 flokkur var eins og sagt var frá á síðasta aðalfundi rekinn sem ÍA/Afturelding og tóku þær þátt í eins og meistaraflokkur Faxa og bikarmóti um veturinn og Íslandsmóti og bikar um sumarið. Samstafið við Aftureldingu stóð ekki undir þeim væntingum sem við höfðum. Í ljós kom að þeir höfðu ekki þann iðkenda fjölda sem þeir höfðu talið að þeir hefðu, við upphaf samstarfsins. Í öðrum leik Íslandsmótsins mætti 1 leikmaður frá Aftureldingu og höfðum hvorki við í stjórninni né þjálfarinn hjá okkur fengið upplýsingar frá Aftureldingarmönnum um að þeir gætu ekki staðið við þann samning sem þeir höfðu gert við okkur og lauk þarna þessu svokallaða samstarfi sem í raun var lítið sem ekkert. Þessi leikur var eitt allsherjar klúður og fengum við á okkur



kæru frá aganefnd KSÍ á þjálfarann okkar og 1 leikmann. Endalokin urðu þau að þjálfarinn Haraldur Sigfús Magnússon fékk bann til áramóta en leikmaðurinn var sýknaður. Þannig að um miðjan júní hætti Haraldur aðalþjálfari og Lúðvík Gunnarsson aðstoðarþjálfari tók við starfi hans. Steindóra Steinsdóttir hefur starfað hjá okkur sem aðstoðarþjálfari síðasta ár. Í haust bættist Magnea Guðlaugsdóttir við sem aðstoðarþjálfari. Sjúkrþjálfari síðastliðið sumar var Anna Sólveig Smáradóttir og liðslæknir var Rún Halldórsdóttir. Við þökkum þessu góða fólki vel unnin störf.

Í dag er iðkenda fjöldi ekki nægur til að vera bæði með 2 flokk og meistaraflokk. Við byrjum með 2 flokk í Faxaflóamóti í haust en skráðum okkur úr þeirri keppni í byrjun janúar vegna manneklu. Þórður Þórðarson þjálfari 3 flokks hefur verið okkur afskaplega hjálplegur með að brúa bilið með leikmönnum sínum á síðasta ári þegar við höfum verið í vandræðum. Kunnum við honum og stelpunum hans bestu þakkir fyrir. Í dag tókum við stefnuna á að vera með meistaraflokk næsta sumar og þjálfari okkar verður áfram Lúðvík Gunnarsson. Við erum með góðan hóp af áhugasömum og duglegum stelpum en þær mættu vera fleiri. Við eigum von á með vorinu að Marcia frá Brasilíu komi til okkar aftur og eins hefur Karitas Hrafn Elvarsdóttir verið í skóla í BNA og leikið þar með skólaliði og verða þær báðar örugglega í fantaformi.

Framtíðin er björt og von á allt að 15 góðum leikmönnum upp í 2 flokk í haust. Ég vil fyrir hönd stjórnar þakka þeim fjölmörgu einstaklingum, fyrirtækum og stofnunum sem hafa lagt okkur lið á liðnu ári með peningum vinnuframlagi og gjöfum. Það er ótrúlega mikil vinna að koma þessu öllu heim og saman svo vel sé og alltaf má betur gera. Mér finnst það frábært hversu margir eru tilbúnir að leggja kvennaknattspyrnunni lið þegar til þeirra er leitað, það er gott að eiga góða að.

Þorbjörg Magnúsdóttir formaður.

Skýrsla Unglinganefndar

Á árinu 2008 þá komu þau Þorkell Logi Steinsson og Sigrún Vigdís Gylfadóttir inn í stjórn UKÍA sem meðstjórnendur. Þeir Brandur Sigurjónsson og Sigurður Elvar Þórólfsson hættu í stjórn en unnu samt áfram að sérstökum verkefnum. Eru þeim færðar þakkir fyrir þeirra störf.

Um áramótin 2007 / 2008 kom það í ljós að fjárhagsstaða UKÍA var ekki góð og þörf á stórtækum aðgerðum til að reyna að koma félaginu á réttan kjöl. Stjórnin ákvað, að þótt það yrði að draga úr rekstrarkostnaði, þá yrði allt reynt til að halda áfram því starfi sem búið var að byggja upp. Eftir fund með foreldraráðum flokkana og foreldrum þá fundum við að allir vildu reyna allt til að halda áfram á sömu braut, væru tilbúin að leggja sitt af mörkum til að það tækist. Eitt af því var að foreldrar unnu á Kaupþingsmótinu án þess að fá greiðslu fyrir. Mjög vel gekk að manna allar þær vaktir sem til þurfti enda tókst mótið mjög vel eins og við var að búast.

Stjórnin hófst þegar handa við að semja við alla þá aðila sem áttu hjá UKÍA ógreidda reikninga. Mjög mikil samstaða var innan stjórnar að koma félaginu á rétta braut. Tókst það mjög vel þar sem þessir aðilar sýndu þessu skilning. Var nánast fundað daglega fram að haustdögum. Fundað var um allan bæ, ef tveir stjórnarmenn hittust var fundað, menn voru alltaf á tánum, á tímabili þá held ég að ég hafi orðið var við að reykt legði frá okkur svo mikið gekk á, símarni voru líka rauðglóandi. Með allri þessari vinnu þá sáuð við til sólar á haustdögum þótt ótrúlegt sé.

Eitt af því sem við gerðum þegar að samningar þjálfara runnu út í sept., var að þeir voru ekki endurnýjaðir nema við yfirþjálfara UKÍA. Allir teknir af launaskrá og þeim boðnir nýir samningar sem undirverktakar. Tókst að manna allar stöður. UKÍA vill þakka þeim þjálfurum sem hættu þakkir fyrir þeirra störf og er nýjum boðnir velkomnir til starfa. Einnig var tekin sú ákvörðun, þótt ótrúlegt sé, að hækka ekki æfingagjöldin. Íðkendafjöldi jókst um ca. 20 % á síðasta ári, þannig að stjórnin sér að hún er að skila góðri vinnu og að allir séu ánægðir sem er jú okkar markmið.

Með samstilltu átaki þá tókst að reka félagið áfram án þess að minnka gæðin við þjálfun og annað og á sama tíma að stoppa í skuldargatið. Við skulum ekki gleyma því að við erum með eitt öflugasta unglingastarf á landinu og ætlum að halda því áfram. Með mikilli vinnu stjórnarmanna og þeirra sem aðstoðuðu okkur þá tókst það. Á tímabili þá voru menn að gefast upp en alltaf kom einhver neisti sem rak menn áfram. Mikil ánægja er meðal stjórnarmanna hvernig til hefur tekist að rétta UKÍA við á innan við einu ári og ég held að menn sjái það á ársreikningi okkar, af hverju.

Að lokum vil ég, fyrir hönd stjórnar UKÍA, þakka öllum þeim sem aðstoðuðu okkur við þá vinnu sem að baki er.

Lárus Guðjónsson formaður

Körfuknattleiksfélag Akraness

Stjórn Körfuknattleiksfélags Akraness

Jóhannes Helgason, formaður

Snorri Elmarsson

Ingi Magnús Ómarsson

Guðrún Katrín Sandholt

Petra Marteinsdóttir

Í byrjun vetrar hugsuðu stjórnarmenn stórt og fengu til liðs við sig erlendan leikmann að nafni Bayi Handy, sá hann einnig um þjálfun allra flokka að míkróboltanum undanskyldum. Við bankahrúnið brustu forsendur fyrir því að halda honum sem þjálfara og samningi hans var sagt upp eftir rúman mánuð í starfi. Þetta reyndist félaginu mjög dýrt og er áætlaður kostnaður við dvöl hans hér á landi um 700.000 krónur þó að hann hafi einungis dvalið hér í rúman mánuð. Og er aðal ástæðan fyrir þröngri fjárhagsstöðu félagsins það sem af er vetrar en þó er útlit fyrir að það takist að ljúka starfi vetrarins á núlli.

Á árinu voru 5 flokkar sem æfðu undir merkjum Körfuknattleiksfélagsins. Meistaraflokkur spilaði í annarri deild og er þegar þetta er ritað komið í undan úrslit deildarinnar, sá Brynjar Sigurðsson um þjálfun meistaraflokks. 10. flokkur tók þátt í íslandsmóti og var hann þjálfaður af Ómari Helgasyni, minniboltinn hóf keppni á íslandsmóti í haust en var svo dreginn úr keppni þar sem ekki náðist í lið. Minniboltinn var þjálfaður af Martin Petersen. Haldið var úti æfingum fyrir kvennaflokk sem Guðjón Smári Guðjónsson þjálfaði. Míkróboltinn hefur æft einu sinni í viku undir stjórn Jóhannesar Helgasonar. Einnig hefur old boys hópur æft á föstudögum.

Jón Þór Þórðarson náði þeim áfanga á árinu að leika sinn 250 leiki fyrir félagið og hlaut að gjöf veglegt armbandsúr. Körfuknattleiksmaður ársins var valinn Snorri Elmarsson,



var hann vel að því kominn enda drífandi og baráttuglaður leikmaður. Körfuknattleiksfélag Akraness þakkar öllum þeim er komu að starfi félagsins fyrir sitt óeigingjarna starf.

Skotfélag Akraness

Á síðasta aðalfundi voru kjörnir í stjórn Skotfélags Akraness: Birkir Óskarsson, Óskar Arnórsson, Bjarki Óskarsson, Unnar Fannarsson og Jón S. Ólason. Varamaður var kosinn Jón Valgeir Viggósson. Birkir Óskarsson tók að sér formennsku í félaginu og ákveðið að Óskar Arnórsson yrði gjaldkeri. Seinnipart sumars varð svo sú breyting á stjórn félagsins að Birkir hélt utan til náms og tók þá Jón S. Ólason við formennsku og Jón Valgeir kom inn í stjórnina. Stjórnarstarfið hefur þetta árið eins og líklega á undanförunum árum verið fremur óformlegt. Meðlimir stjórnar hafa talað sig saman um þær ákvarðanir sem þurft hefur að taka án þess að hittast á fundum og hefur það fyrirkomulag gefist vel. Fráfarandi stjórnar biðu talsverð verkefni er hún tók við. Eins og menn væntanlega muna var skeetvöllur félagsins í mjög slæmu ásigkomulagi eftir tvö tjon í ofsaveðrum. Bæði turn og kaffiskúr ónýtt. Strax í vor hófust menn handa við að byggja nýjan turn og var völlurinn aftur orðinn nothæfur um mitt sumar. Verkefni biða þó enn, eftir er að byggja upp kaffiskúrinn og ýmis frágangur eftir. Í haust var svo klárað að innrétta loftbyssusalinn á Vesturgötunni og er hann svo gott sem fullbúinn í dag.

Félagsmenn í Skotfélagi Akraness eru í dag liðlega 80 og af þeim eru um 15 virkir keppnismenn á landsvísi, flestir í loftskammbyssu. Þátttaka Skotfélags Akraness í mótum Skotíþróttasambandsins hefur vakið verðskuldaða athygli og hefur ekkert félag innan vébanda STÍ sýnt annan eins keppnisáhuga. Ekki hefur verið óalgengt að SKA fólki hafi átt um helming keppenda.

Hið árlega Akranesmót í loftskammbyssu og loftrifflí er án efa stærsti viðburðurinn í starfi félagsins. Þar lyfta félagsmenn Grettistaki og setja upp löglegan skotvöll í íþróttasal í talsverðri tímaþröng, a.m.k. hingað til og taka hann niður aftur í beinu framhaldi af móti. Skotsalurinn á Vesturgötunni er allt of lítill til að halda mót af þessari stærðargráðu. Mótið er orðið fastur liður á mótaskra STÍ og mikill áhugi hefur verið fyrir því og hefur m.a. allt landsliðsfólk í báðum greinum mætt á mótið. Skammbyssufólk SKA tók þátt í öllum mótum á mótaskrá liðins árs. Eignaðist félagið tvo Íslandsmeistara en Birkir Óskarsson og Guðbjörg Perla Jónsdóttir urðu bæði Íslandsmeistarar í sínum flokkum. Þá tóku 9 manns þátt í sænsku, 7 umferða póstmóti og öttu þar kappi við u.þ.b. 600 Svía.

Á liðnu sumri þegar skeetvöllurinn var kominn í nothæft ástand drifu menn sig í að halda innanfélagsmót sem var ágætlega sótt af vönum jafnt sem óvönum skotmönnum. Mótið varð það eina í greininni á árinu en reikna má með því að þau verði fleiri næsta sumar.



Villibráðakvöld var haldið í vetur samkvæmt venju og heppnaðist mjög vel. Raunar var það svo vel sótt að það lá við erfiðleikum að koma öllum fyrir. Ljóst er að ef fer sem horfir þarf að huga að stærra húsnæði næst.

Birkir Óskarsson var tilnefndur til Íþróttamanns Akraness þetta árið. Hann náði eins og áður sagði Íslandsmeistaratitli, varð Akranesmeistari og náði hæsta skori skotmanna frá Akranesi á árinu 535 stigum í loftskammbyssu.

Framundan eru spennandi verkefni. Klára þarf að koma útiskotsvæðinu þ.e. skeetvöllinum í stand og í framhaldi af því þarf að huga að frekari nýtingu á svæðinu. Áhugi er fyrir því að koma upp ríffilvelli en það er talsverð framkvæmd þar sem ekkert bakstopp frá náttúrunnar hendi er á svæðinu. Þetta er þó alveg framkvæmanlegt og hefur m.a. verið rætt við bæjaryfirvöld hvort möguleiki sé á að beina losun jarðvegs inn á svæðið til að safna efni í bakstopp. Þesum hugmyndum hefur verið vel tekið. Sá galli er þó á að einungis er hægt að losa efni á svæðinu þegar frost er í jörðu þar sem jarðvegur er þarna mjög blautur og burður í honum lélegur.

Á síðasta alaðfundi voru reifaðar hugmyndir um að auka við haglabyssuadstöðuna með því að koma upp trapvelli. Málið hefur verið skoðað og líklegt er að trap eða double trap völlur sé dálítið langt fyrir ofan fjárhagslega getu félagsins. Ný trapgrein hefur verið að ryðja sér til rúms erlendis á síðustu árum. Sú er kölluð nordisk trap og er m.a. komin á keppnisráð hjá norðurlandasambandinu. Keppnisgreinin er nokkurskonar arftaki greinar sem stunduð var af veiðifélögum á norðurlöndum og var kölluð jagertrap. Í þessa grein þarf einungis eina kastvél (veltivél) á móti tveimur og 15 í hinum trapgreinum. Það er enginn vafi í huga þess sem þetta ritar að greinin á eftir að verða vinsæl hér á landi rétt eins og í nágrannalöndunum ekki síst fyrir þær sakir að hún hentar bæði keppnisfólki og veiðimönnum sem vilja æfa sig fyrir veiðitímabilið.

Að lokum er því svo við að bæta að Jóhanna Heiður Gestsdóttir Skotfélagi Akraness er komin inn í landsliðshóp í loftskammbyssu og fer til keppni á smáþjóðaleika sem fara fram á Kýpur í júní. Jón S. Ólason er svo þjálfari landsliðshópsins þannig að SKA á tvo af 9 manna hópi sem fer utan.

Sundfélag Akraness

Á síðasta aðalfundi Sundfélags Akraness þann 23. mars 2008, voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn og skiptu þannig með sér verkum: Formaður: Ingibjörg Haraldsdóttir, varaformaður: Sigríður Ragnarsdóttir, gjaldkeri: Halldór Geir Þorgeirsson, ritari: Júlíus V. Guðnason, meðstjórnendur: Harpa Hrönn Finnbogadóttir, sem hefur séð um bókhald, Rut Carol Hinriksdóttir og Íris Sigurðardóttir. Ingibjörg Haraldsdóttir þurfti því miður að draga sig í hlé frá formannsstörfunum og tók Sigríður Ragnarsdóttir við formennskunni tímabundið þann 1. maí. Þann 18. maí var auka aðalfundur haldinn og Gunnar H Kristinsson kosinn formaður en Ingibjörg Haraldsdóttir vék úr stjórn. Á haustdögum var ljóst að gjaldkerinn, Halldór Geir, gat ekki sinnt því verkefni sökum fjarveru erlendis og tók Sigríður Ragnarsdóttir við gjaldkerastöðunni en Júlíus Víðir tók við varaformennsku. Það má því segja að ansi líflegt hafi verið í stjórninni þetta starfsárið

Stjórnin fundar að jafnaði annan hvern þriðjudag. Auk þess sinnir stjórn vinnu við undirbúning og framkvæmd viðburða á vegum félagsins, s.s. sundmót, keppnisferðir, æfingabúðir, fjáraflanir og fleira. Talsverðar breytingar urðu á skipan þjálfaramála á árinu. Ákveðið var endurráða Marcin Malinski ekki sjálfkrafa og var starf hans auglýst. Í framhaldi af því var Jussi Kivekäs ráðinn þjálfari A-hóps, Háhyrninga og FVA-hóps en sá hópur er nýjung og í samvinnu við Fjölbautarskóla Vesturlands. Einnig var ákveðið að hafa ekki sérstakan yfirþjálfara heldur ráða framkvæmdastjóra í 25% starf. Þegar óveðursský fóru að hrannast upp í efnahagsmálum þjóðarinnar var þó ákveðið að bíða með þá ráðningu og hefur stjórn sinnt sumum verkefnum sem framkvæmdastjóra var ætlað að vinna, öðrum hefur verið frestað. Ragnheiður Runólfssdóttir hefur séð um þjálfun Höfrunga, Sela 1-3, Krossfiska 1-4 og Garpa, auk þess að starfa með elstu hópnum okkar á mótum. Sigríður Helga Gunnarsdóttir íþróttakennari þjálfar Kópa 1 og 2 og Karl Ómar Karlsson þjálfaði Kópa 3 fram að áramótum en þá var sá hópur lagður niður og sameinaður Selum 1. Daníel Sigurðsson sér um sundskólann Fjörfiska. Bjarney Guðbjörnsdóttir hefur svo séð um afleysingar í öllum hópum Færi ég þeim þakkar fyrir gott starf í þágu félagsins.

Verkefni á starfsári stjórnarinnar hafa verið fjölmörg og ætla ég að fara yfir helstu:

- Við eignuðumst tvo Íslandsmeistara á IM 50 í byrjun apríl en það voru þær Inga Elín Cryer og Rakel Gunnlaugsdóttir. Góður árangur náðist á mótinu hjá okkar fólki og náðu fjórir sundmenn inn í landsliðshóp sem fór í verkefni í Lúxemborg.

- Hrafn Traustason vann til gullverðlauna á mótinu í Lúx og Inga Elín brons en auk þeirra voru Rakel og Jón Þór í hópnum. Þau settu einnig fjölmörg Akranesmet á mótinu.



- 19.-29. apríl fórum við með 50 keppendur á Landsbankamót Ármanns.

